



SKOÐUN Teitur Guðmundsson skrifar um kynlífstruflanir kvenna og orsakir þeirra. **13**



MENNING Gítarleikarinn Jeff Beck heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í júnflok. **34**



SPORT Nýr þjálfari Fram, Ríkharður Daðason, segir að það búi meira í liðinu en það hefur sýnt. **30**

HEILSURÆKT & SUND

SUMARTILBOÐ
Mánaðarkort aðeins
kr. **7.490,-** **World Class ICELAND**

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

4. júní 2013
129. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR




70.000 krónum fátækari

Svikahrappur notaði kreditkort Atla Fannars Bjarkasonar í stórvörsluninni Macy's í Bandaríkjunum. Segulröndin á kortinu var sennilega afrituð í hraðbanka eða posa í verslun. **2**

Harkar af sér Maður sem ráðist var á í Grafarvogi ber sig vel. 4 hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna árásarinnar. **2**

Vilja ekki virkjun Þingeyingar leggja gegn hugmyndum um virkjanir í Skjálfandafhljóti. Norðurorka hugsar framhaldið **6**

Átök í Tyrklandi Reiði tyrknesks almennings beinist gegn stjórnarhátum Erdogan forsætisráðherra. **8**



Bolungarvík	11°	SA	8
Akureyri	19°	SSA	7
Egilsstaðir	18°	SSA	5
Kirkjubæjarkl.	10°	SA	6
Reykjavík	11°	SA	9

Bjart og hlýtt norðaustanlands en rigning með köflum og strekkingsvindur sunnan og vestan til fram eftir degi. Hiti 10 til 21 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Bílar | Hjálpartækjasýning | Fólk



EINSTAKT UPPFLETTIRIT
Yfir 350 fisktegundum gerð skil

FISKAR

www.forlagid.is

Börn nota klám sem gjaldmiðil á netinu

Vefsíðan deildu.net er stærsta torrent-síða á Íslandi með yfir 50 þúsund notendur. Til þess að geta náð í efni á síðunni þarf að hala upp vinsælu efni á móti og eru dæmi um að notendur á barnsaldri hali upp klámi, þar sem slíkt efni er eftirsótt.

LÖGREGLUMÁL Dæmi eru um að börn noti klám sem gjaldmiðil til að nálgast annað efni á torrent-síðunni deildu.net, en notendur hennar eru yfir fimmtíu þúsund.

Á síðunni geta notendurnir nálgast bíómyndir, tónlist og aðra afþreyingu á ólöglegan hátt, án þess að greiða fyrir, í gegnum aðra notendur. Skilyrði þess að ná í efni eru að setja inn efni á móti. Það getur þó reynst erfitt að finna efni sem vekur áhuga en fáir jafnframt eiga. Því bregða notendur margir á það ráð að setja inn gróft klám og dæmi eru um að börn noti síðuna með þessum hætti.

„Við höfum bent á að á svona skráardeilislíðum virka ekki neinar netsíur. Börn eru því algjörlega óvarin gagnvart því ógrynni af klámefni sem þar er að finna,“ segir Guðrún Björk Bjarnadóttir,

Forsvarsmaðurinn aldrei yfirheyrður

Frá því að kæra samtakanna fjögurra var lögð fram í febrúar 2012 hefur lögreglan lítið aðhafst vegna síðunnar. Sá sem skráður var ábyrgur fyrir deildu.net við stofnun hennar 2010 heitir Páll Ágúst Ragnarsson og er átján ára. Nafn hans er tekið fram í kærinni en í samtali við blaðamann segist hann lítið hafa með síðuna að gera. Hann hafi aðeins verið ráðinn til að stofna hana. Hann bætir þó við: „Við lýsum því líka vel í reglum síðunnar að ábyrgðin sé hjá notendum.“ Hann kveðst aldrei hafa verið yfirheyrður hjá lögreglu vegna kærunnar og varðist frekari spurningum blaðamanns.

framkvæmdastýra Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF).

Samkvæmt 210. grein almennra hegningarlaga er ólöglegt að dreifa klámi og einnig að hafa slíkt aðgengilegt börnum. „Það er því verið að margbrjóta nokkur ákvæði í lögum á þessari síðu, án þess þó að lögregla aðhafist nokkuð,“ segir Guðrún.

STEF, Samtök myndrétthafa á Íslandi (SMÁÍS), og tvenn önnur samtök kærðu síðuna í fyrra. Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, segir að lögregla hafi lítið aðhafst. „Það veldur okkur ekki síður áhyggjum að svona efni skuli vera í umferð inni á þessum síðum þó að okkar hagsmunabarátta snúi að höfundarrétti listamanna,“ segir Snæbjörn. - mlp



VESTURBÆJARLAUG

Ný könnun um húsnæði: Vesturbæingar ánægðastir

FÉLAGSMÁL Flestir Reykvikingar vilja búa áfram í höfuðborginni samkvæmt nýrri könnun. Vesturbæingar eru ánægðastir á heimaslóðum, 84 prósent þeirra vilja áfram búa þar. Rúmlega helmingur Breiðhýltinga vill hins vegar flytja annað.

Könnunin var gerð fyrir samtökin Betri borgarbrag og fyrir umhverfissvið borgarinnar.

76 prósent svarenda búa í eigin húsnæði en 14 prósent leigja. Flestir leigja í miðborginni og næstflestar í Grafarholti – Úlfarsárdal, eða 21 prósent. - kóp / sjá síðu 10

Ániðsla við náttúruperlu: Umhverfi spilt við Grjótagjá

UMHVERFISMÁL „Ég bara skil ekki hvers vegna ekki hefur verið mótað aðgengi að gjánni til að vernda umhverfi hennar fyrir löngu síðan,“ segir Hörður Jónsson ökulóðs, sem gagnrýnir harðlega aðstæður við Grjótagjá í Mývatnssveit.

„Nú er hægt að aka alveg að gjánum og er umhverfi þeirra gjörspilt, úttraðkað og gróður blásinn upp,“ segir Hörður.

Gunnar Rúnar Pétursson landeigandi segir Grjótagjá hafa gríðarlegt aðdráttarafl. Aðgengi að staðnum sé frjálst og ekki standi til að breyta því. Rangt sé að gróður hafi skemmt. - gar / sjá síðu 4



HÖRÐUR JÓNASSON



KALT Risaskipið gnæfir við himin í Sundahöfn. Farþegunum virtist vera dálítið kalt við komuna til Reykjavíkur í gær, enda sumarið ekki beinlínis komið í höfuðborgina. Skipið heldur ferð sinni áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áttatíu skemmtiferðaskip eru væntanleg til landsins í sumar: Stærsta skipið mætt til hafnar

FÓLK Stærsta skemmtiferðaskip sem komið hefur hingað til lands lagðist að bryggju í Sundahöfn í gær. Skipið heitir Adventure of the Seas og með því komu rúmlega þrjú þúsund farþegar og eitt þúsund starfsmenn. Samanlagt eru það álíka margir og búa í Vestmannaeyjum.

Skipið sigldi hingað frá Englandi og fer til Nor-egs að lokinni viðdövl á Íslandi. Um borð eru fimmtán barir, tíu sunnlaugar, skautasvell, mínigolfvöllur

og körfuboltavöllur, svo dæmi séu nefnd.

Þrjú önnur skemmtiferðaskip komu til landsins í gær. Tvö þeirra komu til Reykjavíkur og eitt til Hafnarfjarðar.

Að sögn Jóhanns Bogasonar hjá TVG-Zimsen, sem þjónustar flest skipin, er von á rúmlega 80 skemmtiferðaskipum til landsins í sumar. Það er álíka fjöldi og kom til landsins í fyrra.

- þeb

next

Peysa Kr. 7.490.-
Chino buxur frá kr. 5.990.-

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

SPURNING DAGSINS



Linda, eigjið þið ekki nagla-dekk undir Segway-tækin ef vetrarveður skellur óvænt á?

„Nei, en kannski mætti skoða að setja keðjur undir ef nauðsyn krefur.“

Linda Björg Sigurjónsdóttir og Davíð eignmaður hennar reka leiðsöguferðir um borgina sem býður upp á Segway-ferðir um borgina.

Tíundubekkingar úr Garðabæ björguðust giftusamlega eftir að rúta þeirra festist í Krossá við Þórsmörk:

Mestu áhyggjurnar af blautum svefnpokum

SLYS Tíundubekkingar í Garðaskóla lentu í umferðaróhappi í skólaferðalagi í gær þegar rúta sem var á leið með nemendurnum í Þórsmörk festist í Krossá. Rútan var fljótlega dregin upp úr ánni með traktor en einhverjar skemmdir urðu á tækjum og búnaði sem nemendur höfðu meðferðis þegar vatn flæddi inn í rútuna.

Mikil skelfing greip um sig þegar rútan festist en Guðbjörg Björt Einarsdóttir, einn kennaranna sem voru með í för, sagði frá-bæra björgunarmenn hafa verið með góðan viðbúnað og sýnt snögg viðbrögð. „Krakkarnir eru bara farnir í fótbolta núna og

stærstu áhyggjurnar eru kannski hver sé með blautan svefnpoka.“ Það þurfti þó enginn að sofa blautur því að þurrum sængum og svefnpokum var komið til nemendanna áður en þeir fóru að sofa.

Snædís Sunna Thorlacius, einn nemendanna sem voru með í för, sagði óhappið hafa verið ógnvænlegt og að mikil hræðsla hafi gripið um sig í rútunni. Það hafi þó verið til-tölulega fljótt að ganga yfir og hópurinn hafi verið staðráðinn í að láta þetta ekki á sig fá, þrátt fyrir einhverjar skemmdir á eignum, heldur njóta ferðarinnar eins og upprunalega stóð til.



FESTIST Í KROSSÁ Eftir brösulega byrjun á skólaferðalagi komust skólakrakkarnir í Þórsmörk. MYND/KARA ÓS



GRÍÐARLEGT VATNSMAGN Miðborgin í Passau í Suður-Þýskalandi hefur orðið mjög illa úti í flóðunum eins og sjá má. Neyðarástandi hefur verið lýst yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slæmt ástand í mörgum löndum Mið-Evrópu:

Minnst sjö látnir vegna flóða

EVROPA Heilu bæirnir í Mið-Evrópu eru á floti og þúsundir manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna flóða undanfarna daga.

Mikil rigning undanfarið hefur valdið flóðunum sem nú gera íbúum á láglandi í Mið-Evrópu lífið leitt. Að minnsta kosti níu hafa látist vegna flóða og skriðufalla. Fjölmargra til viðbótar er saknað. Af þeim níu sem vitað er að eru látnir létust tveir í Austurríki, tveir í Þýskalandi og fimm í Tékklandi.

Í Austurríki hefur rignt jafn mikið síðustu tvo daga og gerist venjulega á tveimur mánuðum. Í Prag í Tékklandi er ástandið mjög slæmt og þar hefur verið lýst yfir neyðarástandi. Í Suður-Þýskalandi er ástandið einna verst og hefur Angela Merkel kanslari sagt að öllum tiltækum ráðum verði beitt til þess að aðstoða fólk sem þarf hjálp.

Bæði í Þýskalandi og Tékklandi hefur herinn verið kallaður út til þess að bjarga fólki í sjálfheldu.

- þeb

Fyrirbyggja netarársir:

Netöryggissveit komin í gagnið

ÖRYGGISMÁL Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar, CERT-IS, tók formlega til starfa fyrir helgi.

Samkvæmt frétt á vef PFS er markmiðið með starfsemi sveitarinnar að fyrirbyggja og draga úr hættu á netarásum og öðrum öryggisatvikum og lágmarka tjón af þeim sökum.

Starfsemi og eftirlit sveitarinnar nær til að byrja með til ýmissa fjarskiptafyrirtækja en ekki til almennra notenda.

- þj

Norðurskautsráðið:

Fastaskrifstofa tekin til starfa

NORÐURSLÓÐIR Fastaskrifstofa Norðurskautsráðsins var formlega opnuð í gær í Tromsø í Norge. Framkvæmdastjóri hennar er Magnús Jóhannesson, fyrrum siglingamálastjóri og ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu.

Skrifstofunni er ætlað að styrkja starf ráðsins og upplýsingagjöf um málefni norðurslóða. Starfsemi ráðsins hefur farið vaxandi og mikil áhersla hefur verið á málefni norðurslóða í utanríkisstefnu Íslands.

- þj

Afritaði segulröndina og misnotaði í Macy's

Svikahrappur komst yfir upplýsingar af greiðslukorti aðstoðarmanns alþingismanns og notaði þær í Bandaríkjunum. Hélt sig hafa misst yfirsýn yfir fjármálin. Mikilvægt að vera á varðbergi, segir framkvæmdastjóri kortaútgáfu Valitors.

KORTASVINDL „Ég var mjög hissa,“ segir Atli Fannar Bjarkason, aðstoðarmaður Guðmundar Steingrímssonar alþingismanns, sem uppgötvaði í gær að 70 þúsund krónur vantaði inn á bankareikning hans.

Í ljós kom að óprúttinn aðili hafði afritað upplýsingar af debetkorti Atla og notað þær til að kaupa vörur fyrir um 500 Bandaríkjadali í versluninni Macy's í Bandaríkjunum.

„Ég var eiginlega með böggum hildar allan morguninn yfir því hversu litla yfirsýn ég hefði yfir eigin eyðslu. Ég horfði á rigninguna dynja á glugga skrifstofu minnar á meðan ég hugsaði hvað hún móðir mín myndi segja við þessu,“ segir Atli Fannar léttur.

Það var þegar Atli hafði samband við bankann sem upp úr dúrnun kom að eitthvað misjafnt hafði átt sér stað. Hann hafði í kjölfarið samband við Valitor sem lokaði kortinu samtundis.

„Þeir sögðu mér að einhver hefði sennilega náð að afrita segulröndina á kortinu í gegnum afritunarbúnað í hraðbanka eða posa í verslun,“ segir Atli. Málið er nú í höndum Valitors og Atli býst við að það endi vel.

Bergsveinn Sampsted, framkvæmdastjóri kortaútgáfu Valitors, segir kortaútgafendur sífellt glíma við svikahrappa sem verði æ tæknivæddari. Í þeim tilfellum sem Valitor þekki til sé settur upp hlerunarbúnaður í hraðbanka sem skimi segulrönd og taki myndir af pínúmerinu. Kortin séu síðan afrituð og búin til ný eintök sem komið sé í umferð.



GREIÐUSTATÍF Atli Fannar Bjarkason hefur fundið korti sínu framhaldslíf sem greiðustatíf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bergveinn segir að einnig komi fyrir að kortin séu afrituð þar sem einstaklingur lætur þau af hendi, til dæmis á veitingastöðum. Hann segir kortasamsteypurnar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að verja kortaeigendur fyrir tjóni þegar upp kemst um svik.

„Þá hefst eltingarleikur þar sem við reynum að hafa uppi á svikahröppunum. Þetta er eitt af því sem við erum að glíma við. Umfangið er ekkert gríðarlegt en fyrir þann

„Ég horfði á rigninguna dynja á glugga skrifstofu minnar á meðan ég hugsaði hvað hún móðir mín myndi segja við þessu.“

Atli Fannar Bjarkason

sem lendir í slíku getur tjónið verið mikið, fyrir utan óþægindin að lenda í slíku,“ segir Bergsveinn Sampsted. hanna@frettabladid.is

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Fjórir úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna húsbrotts í Grafarvogi um helgina:

Húsbrot tengdist handrukkun

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn á aldrinum 18 til 23 ára hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 10. júní vegna ráns og frelsissviptingar í Grafarvogi á laugardag. Ráðist var inn á heimili manns á sjötugsaldri, honum ógnað með hnífi og hann bundinn á höndum og fótum. Mennirnir höfðu á brott með sér átta skotvopn og skotfæri af heimili mannsins. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Maðurinn sem ráðist var á sagði í samtali við Fréttablaðið líðan sína eftir atvikum góða en að eðlilega væri honum brugðið. „Það dugir lítið annað en að reyna bara að vera harður af sér,“ sagði maðurinn.

Vopnin fundust skömmu síðar í húsléit í Hlíðahverfi en vitni gátu gefið greinargóða lýsingu á bílmannanna. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er talið að málið tengist handrukkun hjá barnabarni fórnarlambins. Sá ku vera mjög ungur að árum og á jafnframt við félagslegan vanda að etja.

Rannsókn lögreglunnar beinist meðal annars að tengslum mannanna við vélhjóllaklkuna Outlaws.

Fórnarlamb árásarinnar leitaði til nágranna síns í næstu íbúð, þá bundinn á höndum og fótum.



Í RANNSÓKN Mennirnir sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald vegna húsbrotts hafa allir komið við sögu lögreglunnar.

Nágranninn segist einnig í miklu áfalli. „Til þess að losa um fjötrana þurfti ég að nota sax. Þetta var svo kirfilega bundið. Við eigum þessu ekki að venjast hér í þessu góða hverfi,“ sagði nágranninn sem ekki vill láta nafns síns getið.

-mlp

IPHONE HJÁ NOVA!



1.000 KR.
Á MÁN. Í 6 MÁN.
FYLGR IPHONE 4

2.000 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN.
FYLGR IPHONE 5

2.000 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN.
FYLGR IPHONE 3GS

1.000 KR.
Á MÁN. Í 6 MÁN.
FYLGR IPHONE 4S

iPhone 4 8 GB
69.990 kr.
4.190 kr. /18 mán.

iPhone 5 16 GB
119.990 kr.
7.290 kr. /18 mán.

iPhone 4S 16 GB
99.990 kr.
5.990 kr. /18 mán.

iPhone 3GS 8 GB
49.990 kr.
2.990 kr. /18 mán.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

SVONA ERUM VIÐ



222 milljónir rúmlega söfnuðust á síðasta ári frá íslenskum styrktarforeldrum og barnaþorpssvinum SOS barnaþorpanna á Íslandi.

Það er 16% aukning frá árinu áður. Þúsundir umkomulausra barna í 106 löndum nutu góðs af framlögum þeirra. Heimild: SOS barnaþorpin Ísland

Maður sem yfirheyrður var vegna brotnáms fjögurra ára stúlku í Breiðholti hafði fjarvistarsonnun: Stúlkan segir gerendurnar vera þrjá

LÖGREGLUMÁL Fjögurra ára stúlka sem grunur leikur á að hafi verið numin á brott er hún var á leik við heimili sitt í Neðra-Breiðholti síðastliðinn þriðjudag, segir meinta gerendur hafa verið þrjá. Tekin verður skýrsla af stúlkunni í Barnahúsi á morgun.

Einn maður var færður til skýrslutöku vegna málsins en var sleppt að henni lokinni þar sem hann hafði fjarvistarsonnun fyrir þann tíma sem brotið á að hafa verið framið. Ekki er vitað

hvar stúlkan var niðurkomin í um klukkustund, en foreldrar hennar héldu að hún væri hjá ömmu sinni sem býr í næsta húsi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom stúlkan til síns heima og tjáði foreldrum sínum að þrír menn hefðu tekið sig með á afvikinn stað og brotið gegn sér. Stúlkan hafi verið í talsverðu uppnámi. Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum stúlkunnar eru málavextir enn óljósir. Stúlkan hafi talað um „stóra stráka“ en

enn sé óljóst hvað hafi átt sér stað.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins í eðlilegum farvegi. Hann segir tilfelli sem þessi alltaf tekin alvarlega en að engir ákveðnir aðilar liggi undir grun að svo stöddu.

Spurður hvort grunur sé um að mennirnir hafi brotið gegn stúlkunni segir hann niðurstöður ekki komnar úr lækisrannsókn sem stúlkan gekkst undir. -hó



RANNSAKA BROTTNÁM Grunur leikur á að fjögurra ára stúlka hafi verið numin á brott.



EIÐUR VINSÆLL Þessir ungu drengir fengu eiginhandaráritanir frá Eiði Smára, og þeir sem ekki höfðu pappír fengu áritun á handlegginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Karlandslíðið í fótbolta hélt opna æfingu á Víkingsvelli: Spjölluðu við leikmenn á æfingu

FÓLK Íslenska karlandslíðið í fótbolta hélt opna æfingu á Víkingsvelli í gær og þó nokkrir nýttu sér tækifærið til að spjalla við knattspyrnumennina og fá hjá þeim eiginhandaráritanir. Landslíðið mætir Slóveníu í undankeppni HM á Laugardalsvelli á föstudaginn.

LEIÐRÉTT

Orðið „kynleiðretta“ var notað í rangri merkingu í fyrirsögn í laugardagsblaði. Það sem átt var við er að börn á leikskóla á Akureyri snúa við kynhlutverkum í þekktum sögum og ævintýrum. Beðist er afsökunar á mistökunum.

Ranghermt var í fréttaskýringu um arðsemi viðskiptabankanna í gær að arðsemi reglulegs rekstrar hjá Landsbanknum hefði verið 1,42% á fyrsta ársfjórðungi. Hið rétta er að arðsemi var 9,62% sem er yfir arðsemismarkmiði Bankasýslu ríkisins. Láðist að taka tillit til áhrifa kaupauka sem starfsmenn bankans fengu samkvæmt samkomulagi um skuldabréf sem gefið út í tengslum við uppgjör gamla Landsbankans.

Icelandair fylgjar leiðum: Flogið beint til Rússlands

SAMGÖNGUR Beint áætlanarflug Icelandair til Pétursborgar hófst í gær. „Hugmyndin með þessu flugi er að opna okkur og íslenskri ferðaþjónustu nýja leið inn á Rússlandsmarkað, sem er afar stór og vaxandi ferðamannamarkaður. Um leið erum við að bjóða Íslendingum nýjan og spennandi áfangastað,“ sagði Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair við þetta tækifæri. Samkvæmt tilkynningu Icelandair hefur rússneskum ferðamönnum fjölgað mjög og hafi það skapað grundvöll fyrir áætlunarflugið. -hó

Grjótagjá sögð vera gjörspillt og vanvirt

Umhverfi Grjótagjár er gjörspillt og úttraðkað og nánast hægt að aka ofan í þessa náttúruperlu segir ökulóðs. Er í einkaeigu og ekki okkar mál segir hreppurinn. Landeigandi segir aðganginn frjálstan. Enginn gróður sé á svæðinu til að skemma.

UMHVERFISMÁL „Mér finnst þetta vera ein mesta óvirðing við náttúruperlu sem ég veit um,“ segir Hörður Jónasson ökulóðs um ástand mála við Grjótagjá í Mývatnssveit.

Grjótagjá er gríðarvinsæll viðkomustaður ferðamanna. Heitt vatn er í gjánni og þar til fyrir nokkrum árum var hún nýtt til baða, bæði af bændum og búaliði, sem slöppuðu þar af eftir strit dagsins, og af almenningi. Í kjölfar Kröfluelda á áttunda áratugnum hitnaði vatnið í Grjótagjá í um sextíu gráður og fólk hætti að baða sig þar. Vatnið hefur þó kólnað síðan og það gestir eru komnir á stjá að nýju.

HÖRÐUR JÓNASSON

Hörður telur Grjótagjá náttúruperlu á pari við gjána Silfru á Þingvöllum. Árlega heimsækja tugþúsundir ferðamanna staðinn, sem skiptist í Kvinnagjá og Karlagjá.

„Nú hefur verið malbikaður vegur að gjánni frá Kísiliðjunni. Malbikið endar ekki langt frá gjánum tveimur. Hvers vegna var ekki malbikað bílastæði í leiðinni og afmarkað hversu nálægt mætti aka?“ spyr Hörður, sem kveður ástandið ömurlegt.

„Nú er hægt að aka alveg að gjánum og er umhverfi þeirra gjörspillt, úttraðkað og gróður blásinn upp, upplýsingaskilti



VIÐ GRJÓTAGJÁ Hörður Jónasson ökulóðs gagnrýnir hversu nærri Grjótagjá er hægt að aka og hversu litlar upplýsingar er að finna á svæðinu um þessa náttúruperlu, sem hann jafnar við Silfru á Þingvöllum. MYND/HÖRÐUR JÓNASSON

af skornum skammti og þannig mætti áfram telja. Eg bara skil ekki hvers vegna ekki hefur verið mótað aðgengi að gjánni til að vernda umhverfi hennar fyrir löngu síðan,“ segir Hörður.

Gísli Sigurðarson, skrifstofustjóri hjá Skútustaðahreppi, segir Grjótagjá á einkalandi. „Hreppurinn hefur ekkert með þetta að gera. En ef það er eitthvað þarna til skammar er það væntanlega eitthvað sem ferðamenn hafa skilið eftir,“ segir Gísli.

Grjótagjá er í landi Voga. Gunnar Rúnar Pétursson, einn landeigenda þar, segir menn geta haft hvaða skoðun sem þeir vilja.

„Staðurinn hefur gríðarlegt aðdráttarafl og að honum er frjálst aðgangur,“ útskýrir Gunn-

Tíðkast ekki á Íslandi að heimamenn hefti aðgengi að ferðamannastöðum.

Gunnar Rúnar Pétursson landeigandi við Grjótagjá.

ar. „Það er einfaldlega ekki stefna landeigenda og tíðkast ekki á Íslandi að heimamenn séu að hefta aðgengi að ferðamannastöðum.“

Gunnar segir ekki hægt að vernda umhverfi Grjótagjár fyrir traðki. Rangt sé að gróður hafi skemmt. „Það hefur aldrei verið neinn gróður þarna,“ bendir landeigandinn á.

gar@frettabladid.is

NÝTT HAFRAKEX

ÍSLANDSKEK KEX smíðjan

ilmandi ljúffengt

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

RIGNING MEÐ KÖFLUM SUNNAN OG VESTAN TIL í dag en dregur úr úrkomunni til morguns og gæti sést til sólar um tíma. Norðan- og austanlands verður bjart eða bjart með köflum og hiti nálægt 20 stigum í dag og á morgun.

Alicante 23°	Berlín 21°	Friedrichshafen 20°	Las Palmas 22°	New York 23°	París 19°
Apæna 28°	Billund 17°	Gautaborg 17°	London 18°	Orlando 28°	San Francisco 17°
Basel 25°	Frankfurt 20°	Kaupmannahöfn 17°	Mallorca 24°	Ósló 16°	Stokkhólmur 14°

Á morgun
Strekkingur með S-strönd annars hægri vindur.

Fimmtudagur
Hægur vindur.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

Takk fyrir okkur!



Það var margt um manninn á Hátíð hafsins í Reykjavík um helgina.

Faxaflóahafnir, Sjómannadagsráð og Hátíð hafsins þakka öllum þeim tugum þúsunda gesta sem komu og samglöddust á 75 ára afmæli sjómannadagsins og 100 ára afmæli Reykjavíkurhafnar.

Enn fremur færum við okkar bestu þakkir öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til að gera hátíðina sem veglegasta.

Takk fyrir komuna og takk fyrir okkur!



**HÁTÍÐ
HAFSINS**
1.-2. júní
www.hatidhafsins.is



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er forsætisráðherra Palestínu?
2. Hvar var sjómannadagurinn fyrst haldinn hátíðlegur?
3. Hver er nýhættur sem þjálfari karlaliðs Fram í knattspyrnu?

SVÖR
1. Rami Hamdullah, 2. Í Reykjavík og á Ísafirði, 3. Þorvaldur Örtýsson.

NORÐURLÖND



Ákærðar fyrir ærumeiðingar á Instagram

2 SVÍÐÍÓÐ Tvær unglingsstúlkur, 15 og 16 ára gamlar, komu fyrir rétt í Gautaborg í gær vegna ákæru um grófar ærumeiðingar gegn fjölda unglinga á samskiptamiðlinum Instagram. Þær eru grundaðar um að hafa dreift meiddandi ummælum en ekki skrifað þau. Yngri stúlkun hefur viðurkennt sakargiftir en hin neitar.

Lögreglan kveðst hafa undir höndum smáskilaboðasamskipti hinna ákærðu sem sanni sekt beggja. Stúlkurnar eiga yfir höfði sér sekt eða allt að tveggja ára fangelsi.



Innflytjendur 22% íbúa

1 NOREGUR Innflytjendum í Noregi mun fjölga um 13 prósentustig á næstu 60 árum og verða 22% íbúanna 2076. Innflytjendum frá Austur-Evrópu mun fjölga mest, úr 80.000 árið 2010 í 730.000 árið 2100, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar. Börn sem innflytjendur eignast í Noregi verða 8% árið 2100.

Ekki lengur refsilækkun

3 DANMÖRK Meirihlutinn á danska þinginu hefur samþykkt lagabreytingu þar sem kveðið er á um að nauðgarar fái ekki refsilækkun þekki þeir brotþola eða sé brotþoli varnarlaus, til dæmis ef hann er sofandi, meðvitundarlaus eða fatlaður.

Mannréttindasamtökin Amnesty í Danmörku fagna lagabreytingunni sem þau hafa barist fyrir í nær fimm ár. Þingmenn í Venstre vilja ekki jafnþunga refsingu þekki nauðgarinn brotþolann.

Nicorette® QuickMist munnholsúði



20%

afsláttur af
1 og 2 stk. pakkningum



Tilboðið gildir til 30. júní

Lyf & heilsa
Við hjúsum!



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

ALDEYJARFOSS Fossinn er í Bárðardal og umkringdur stuðlabergi. Hann er um 20 metra hár.

Ítreka andstöðu við áform um virkjanir

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ítrekar andstöðu við virkjanir í Skjálfandafljóti. Landvernd fagnar yfirlýsingunni og hvetur til þess að sveitarfélagið styðji friðlýsingu fljótsins í heild. Norðurorka skoðar hvað fyrirtækið gerir í framhaldinu.

UMHVERFISMÁL Heimamenn í Þingeyjarsveit leggja gegn hugmyndum um virkjanir í Skjálfandafljóti. Landvernd fagnar afstöðu sveitarfélagsins og hvetur sveitarstjórn til að styðja friðlýsingu fljótsins. Norðurorka hugsar framhaldið.

Sveitarstjórnin ítrekaði þessa afstöðu sveitarfélagsins í bókun um miðjan maí, en tilefnið var bréf frá Norðurorku hf. þar sem óskað var eftir afstöðu sveitarstjórnarinnar til áframhaldandi rannsókna við Hrafnabjörg í Bárðardal.

Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart rannsóknum á svæðinu en bendir á stefnumótun sveitarfélagsins í aðalskipulagi árin 2010 til 2022 og segir hana standa óbreytta. Það sé stefna Þingeyjarsveitar að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu til hagsbóta fyrir íbúa „en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandafljót“.

Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, segir fyrirtækið horfa til rannsókna á efri hluta

vatnasviðs Skjálfandafljóts, við Hrafnabjörg og þar fyrir ofan. „Við þekkjum afstöðu þeirra en eins að þau setja sig ekki upp á móti rannsóknum, eins og þau ítreka í bókun. Svar okkar um hvað við gerum kemur innan tíðar,“ segir Helgi og jatar því að málið snúist um hvort rannsóknir verði gerðar eða ekki. „Ég trúi því að við leggjum okkar á vogarskálarnar hvað varðar rannsóknir á svæðinu; virkjun er síðari tíma mál.“

Landvernd sendi frá sér ályktun þar sem segir að við gerð 2. áfanga rammaáætlunar hafi mat faghóps verið að Skjálfandafljót væri á meðal verðmætustu svæða landsins með tilliti til landslags og víðerna.

Þá minnir Landvernd á að með tilkomu nýrra náttúruverndarlaga sé mögulegt að friðlýsa heil vatnakerfi og hvetur Þingeyjarsveit til að styðja hugmyndir um friðlýsingu Skjálfandafljóts.

Áform um virkjanir í Skjálfandafljóti

Þrjár virkjanir í Skjálfandafljóti eru í biðflokki rammaáætlunar; Hrafnabjargavirkjun (88 MW), Fljótshnjúksvirkjun (58 MW) og Eyjadalsárvirkjun (8 MW).

„Ég hef áður sagt að hugmyndir um virkjun Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti hljóti að verða grafskrifin á leiði gjörnýtingarstefnu liðinnar aldar í virkjanamáli. Og ég fagna því mjög að nú virðist hún ekki ætla að verða raunin. En það segir okkur mikið um hugarfarið hjá verkfræðistofunum og orkufyrirtækjunum að undirbúningur virkjunarinnar hafi þó komist þetta langt áður en Þingeyjarsögðu hingað og ekki lengra,“ segir Guðmundur H. Guðmundsson, formaður Landverndar.

svavar@frettabladid.is

Erfitt ástand í Afganistan þar sem öryggissveitir verjast framsókn talibana:

11 börn féllu í sprengjuárásum

AFGANISTAN, AP Níu skólabörn voru meðal þeirra tólf sem létust þegar sjálfsmorðsprengjuárás var gerð á bandaríska sendisveit við opinbera byggingu í austurhluta Afganistan í gær.

Tveir hermenn NATO létust einnig í sprengingunni sem og einn afganskur lögregluamaður. Börnin voru á aldrinum tíu til sextán ára og voru á leiðinni heim að loknum skóladegi þegar maður kom aðvífandi á vélhjól og sprengdi sig í loft upp.

Auk þess létu sjö aðrir afganskir borgarar lífið í Austur-Afganistan, þar af tvö börn, þegar bifreið sem fólkíð var í ók yfir jarðsprengju.

Talibanar sækja nú fram víða um land. Talsmaður innanríkisráðuneytisins sagði í viðtali við fjölmiðla að þrátt fyrir að árásir væru tíðar stæðu öryggissveitirnar fyrir sínu og að talibanar hefðu hvernig náð nýrri fötfestu.



HILDARLEIKUR Níu börn létust í sprengjuárás í nágrenni skóla í austurhluta Afganistan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GÖNGUFERÐIN HEFST Í EVEREST

Vango Göngutjald Tempest 200 2,9 Kg - 5000mm vatnsheldni
Tilboð 31.995

Vatnsheldar Cargo töskur frá Vango 45 - 120L verð frá **8.995**

Vango Venom 300 dúnpoki, 900gr
Tilboð 34.995

Vango bakpoki-Transalp 30L
Tilboð 15.995

20% afsláttur af Mammút fatnaði **-20%**

Vango og Mammút göngudýnur Verð frá **6.995**

Göngustafir frá **6.995**

Margar gerðir af primusum Verð frá **4.995**

Allir gönguskór með 20% afslætti **-20%**

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

FJÖLBREYTT ÚRVAL BÍLA Á SÉRSTÖKU TILBOÐS- VERÐI



VW Golf Trendline 1,6 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 39.000 km, beinskiptur

Ódýr í rekstri,
uppgæfin eyðsla
bírfreiðarinnar
er aðeins
4,5 ltr/100 km
í blönduðum
akstri

Ásett verð: 2.950.000,-
Tilboð **2.590.000,-**



Tilboð **990.000,-**

Renault Megane II Saloon
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 95.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.450.000,-



Tilboð **890.000,-**

Audi A4 2.0
Árgerð 2002, bensín
Ekinn 155.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.490.000,-



Tilboð **3.590.000,-**

MM Pajero Instyle 3.8
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000,-




Tilboð **1.350.000,-**

M. Benz ML55AMG
Árgerð 2000, bensín
Ekinn 177.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

Toyota Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.100.000,-




Tilboð **1.690.000,-**

VW Passat Highline 2.0T
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000,-



Tilboð **1.690.000,-**

VW Touareg V6 3,2
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 193.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000,-



Tilboð **3.290.000,-**

Toyota Hilux 3000 D/C
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 125.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.790.000,-



Tilboð **1.990.000,-**

MM Pajero 3,5 GLS
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 108.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.750.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

Nissan X-Trail SE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-



Tilboð **1.790.000,-**

MM Colt Rally Art
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.050.000,-



Tilboð **1.990.000,-**

Subaru Legacy Sport Wagon. Árgerð 2007, bensín
Ekinn 96.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.590.000,-



Tilboð **990.000,-**

MM Outlander Comfort
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 165.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.450.000,-



Tilboð **1.690.000,-**

Hyundai Tucson 2700 4x4
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 128.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000,-



Tilboð **1.750.000,-**

Kia Sportage II 2700 V6
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 71.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000,-



Tilboð **3.890.000,-**

Nissan Pathfinder 2500 SE. Árgerð 2008, dísil
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.490.000,-

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

www.bilaland.is



Tökum notaðan uppi
notaðan! Erum í
sammingsstuði!

HYUNDAI i40 STYLE

Nýskr. 02/13, ekinn 4 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

Rnr. 120179

Glæsilegt eintak kr.
5.790 þús.



PEUGEOT 508

Nýskr. 12/09, ekinn 16 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.290 þús.

Rnr.151576.



NISSAN NAVARA LE

Nýskr. 11/07, ekinn 90 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.190 þús.

Rnr.201304.



NISSAN QASHQAI SE

Nýskr. 06/11, ekinn 45 þús km.
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.490 þús.

Rnr.260005.



NISSAN NOTE VISIA

Nýskr. 06/11, ekinn 43 þús km.
bensín, beinskíptur.

VERÐ kr. 1.990 þús.

Rnr.130411.



LAND ROVER FREELANDER S

Nýskr. 09/08, ekinn 79 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.990 þús.

Rnr.190481.



KIA CEED EX

Nýskr. 12/12, ekinn 2 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.580 þús.

Rnr.280524.

bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík

Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Fiskeldisfyrirtækið Rifós í Kelduhverfi hefur uppbyggingu í landeldi: Laxeldi hætt og bleikjan á land

FISKELDI Forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækisins Rifós hf. í Kelduhverfi hafa ákveðið að leggja af sjóeldi á bleikju og hefja uppbyggingu á bleikjueldi í landi. Fyrirtækið hefur ákveðið að hætta laxeldi í sjókvívum með öllu.

Með þessari stefnubreytingu verður fyrirtækið stækkað en allt eldi fyrirtækisins hefur verið í sjókvívum hingað til. „Við höfum einnig ákveðið að hætta laxeldi og snúa okkur alfarið að bleikjueldi til útflutnings á Ameríkumark-

að,“ segir Hlífur Karlsson, framkvæmdastjóri Rifóss.

Fyrirtækið hefur starfsleyfi til þúsund tonna eldis á bleikju að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hlífur segir að stefnt sé að því að 20% eldisins fari fram á landi til að byrja með en ef vel tekst til getur hlutfallið orðið allt að 40%.

„Við búum við kjörhita allt árið til eldisins á landi, en í sjó er mikil hitasveifla og vaxtartíminn einungis 6-7 mánuðir,“ segir Hlífur.

-shá



LANDELDI Íslendingar ráða heimsmarkaðnum með eldisbleikju eftir margra ára uppbyggingarstarf. MYND/GUÐBERGUR

Dropinn sem fyllti mælinn í Tyrklandi

Átök hafa geisad í Tyrklandi síðustu fjóra daga. Hörð viðbrögð lögreglu gegn friðsömum mótmælum leystu úr læðingi innibýrgða óánægju almennings. Erdogan forsætisráðherra hefur verið sakaður um alræðistilburði en blæs sjálfur á allt slíkt.

FRÉTTASKÝRING

Hverju er almenningur í Tyrklandi að mótmæla?

Það sem hófst sem friðsamleg mótmæli gegn áformum um uppbyggingu verslunarmiðstöðvar á Taksim-torgi, aðaltorgi Istanbul, á kostnað grænna svæða í nágrenninu og endaði í átökum við lögreglu, hefur tendrað óánægjubál sem ekki sér fyrir endann á.

Fyrst og fremst beinist reiði almennings að stjórnarhátum Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra. Hann hefur að margra mati hneigst í síaukunum mæli í átt til alræðis og hefur mætt andstöðu og gagnrýni af mikilli hörku.

Áformin við Taksim-torg, þar sem aðfinnslur almennings, og jafnvel opinberra eftirlitsaðila, hafa verið að engu hafðar, eru talin lýsandi fyrir framgöngu Erdogans.

Auk þess hafa lagasetningar Erdogans að undanfögnu þótt einkennast af íslömskum áherslum, sem eru mörgum Tyrkjum, sem eru þó langflestir múslimar, þvert um geð. Sem dæmi má nefna nýsamþykkt lög sem takmarka mjög sölu áfengis.

Allt ofantalið, og ýmislegt fleira, hefur ýtt við grasrótahreyfingum um land allt. Það var þó ekki fyrr en lögregla tók til þess bragðs að dreifa mannfjöldanum við Taksim-torg með tárágasi og háþrýstivatnsbyssum sem óánægjan umbreyttist í reiði gegn valdhöfum og kröfur um breytingar. Nú hafa hundruð manna verið handtekin í óeirðum síðustu fjögurra daga.

Erdogan sjálfur hefur brugðist ókvæða við öllu tali um alræðistilburði. Hann bendir meðal annars á að á tíu ára valdatíma sínum hafi hann í þriggja unnið stórsigra í þingkosningum.



AF LITLUM NEISTA Átök hafa geisad í flestum borgum Tyrklands síðustu fjóra daga eftir að í brynu sló með lögreglu og mótmælendum á föstudag. Óánægja með ofríki Erdogans forsætisráðherra um árabíl er talin liggja að baki mótmælaöldunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Jákvæð þróun á mörgum sviðum

Þrátt fyrir að gagnrýnin á hendur Erdogan eigi að mörgu leyti rétt á sér er því ekki að neita að undir hans stjórn hefur margt breyst til hins betra í Tyrklandi. Tyrkland er blómstrandi nýmarkaðsríki þar sem verðbólga hefur til dæmis dregist saman, skuldir hins opinbera eru viðráðanlegar og framleiðsluöndur og ferðamenskugeirinn hefur blómstrað. Loks hefur Erdogan náð tíma-mótasamningum við aðskilnaðarhreyfingu Kúrda, en átök tengd baráttu Kúrda stóðu um árabíl og kostuðu fjölda mannlífa.



Erdogan blæs á allt tal um að arabíska vorið sé að teygja sig til Tyrklands.

„Við höfum þegar átt okkar vor í Tyrklandi,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær og vísaði til þess að Tyrkland er þrátt fyrir allt lýðræðisríki sem hefur búið við stöðugleika um árabíl. „En það eru öfl sem vilja breyta vorinu í vetur.“

Þar á Erdogan bæði við stjórnarandstöðuna og önnur öfl, innanlands sem utan, sem hann telur að leitist við að grafa undan sér.

Ekki er gott að spá hverju mun fram vinda á næstu dögum og vikum, og hvort ófriðaröldurnar komi til með að lægja, en andstöðuöflin hafa verið virkjuð og munu eflaust láta í sér heyra í framtíðinni.

thorgils@frettabladid.is

Heimilislæknir

Hóf störf sem heimilislæknir í Domus Medica um sl. áramót.

Get bætt við mig skjólstæðingum, sem eru búsettir á stórreykjavíkursvæðinu.

Tímapantanir kl. 9-17 í síma 5631044



Sverrir Jónsson, heimilislæknir
Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 Reykjavík

IATA spáir 67% aukningu: Hagnaður flugfélaga eykst

VIÐSKIPTI Alþjóðaflugumferðarstofnunin, IATA, spáir því að hagnaður flugfélaga heimsins muni aukast um 67% frá fyrra ári.

IATA reiknar með að hreinn hagnaður félaganna verði 12,7 milljarðar dollara á þessu ári, sem nemur um 1.600 milljörðum króna.

Bloomberg fréttaveitan fjallar um málið og bendir á að hin upp-færða spá byggji á mun betri sætanýtingu flugfélaganna.

Flugfélög heimsins munu flytja samtals 3 milljarða farþega í ár og er þetta í fyrsta skipti sem farþegafjöldinn nær þeirri tölu.

-lei

20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



CLASSIC - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



DRAUMEY

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



ROYAL - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

Frí heimsending á hjónarúmum eða tókum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU- GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á
heilsudýnum, án skuldbindinga!



LAGERHREINSUN Á ARINELDSTÆÐUM



EINUNGIS 3 VERÐ!

19.900,-


29.900,-

39.900,-

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



REYKVIKINGAR EFTIR HVERFUM 2007 OG 2013



35% hugnast Miðborgin best af nýbyggingarhverfum

22% hugnast Vatnsmýrin best af nýbyggingarhverfum

41% stefnir ekki á að skipta um húsnæði

1,5 BÍLL er á hverju heimili í borginni að meðaltali

75% ferðast að jafnaði keyrandi eigin bíl

8% ferðast að jafnaði með strætó

43% ætla að stækka við sig

18% ætla að minnka við sig

55% þeirra sem vilja skipta hyggjast leita að húsnæði innan sama hverfis

Borgarbúum sem vilja leigja fjölgar

Um helmingur borgarbúa reiknar með að skipta um húsnæði á næstu fimm árum. Fjórðungur telur að leiguhúsnæði verði fyrir valinu, en leigjendur eru í dag 14 prósent. Flestir Vesturbæingar vilja búa áfram í hverfinu en aðeins rétt rúmlega helmingur Breiðhyltinga vill vera þar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Um 14 prósent Reykvikinga búa í leiguhúsnæði en um fjórðungur reiknar með að flytja í slíkt húsnæði á næstu fimm árum. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun sem unnin var fyrir samtökin Betri borgarbragur og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar. Landráð sf. vann könnunina.

Margt athyglisvert kemur fram í könnuninni en alls tók 1.421 borgarbrú þátt í henni. Borgarbúum hefur fjölgað um 3,2 prósent síðan könnunin var gerð síðast, en það var árið 2007. Hlutfallslega var fjölgunin mest í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti, en mest var fækunin í Vesturbæ og Breiðholti.

Um helmingur svarenda, eða 47 prósent, reiknaði með að skipta um húsnæði innan fimm ára og þar af

26 prósent innan tveggja ára. Hins vegar hugsar 41 prósent sér ekki til hreyfings. Þetta eru svipaðar tölur og árið 2007, þegar 49 prósent reiknuðu með að flytja innan fimm ára.

Leigjendum fjölgar

Könnunin sýnir að flestir Reykvikingar vilja búa áfram í Reykjavík. Um 87 prósent ætla að leita að húsnæði innan borgarmarkanna og um 55 prósent innan síns hverfis. Flestir vilja því búa áfram í sama hverfi en það er þó misjafnt eftir borgarhlutum. Þannig vilja 84 prósent Vesturbæinga búa áfram í Vesturbænum, en það er hæsta hlutfallið, en aðeins rétt rúmlega helmingur Breiðhyltinga, eða 53 prósent, vill búa áfram í Breiðholtiinu. Það er lægsta hlutfallið.

Hlutfallslega óska flestir eftir því að búa í Miðborginni og öðrum eldri hverfum vestan Elliðaárósa, en úthverfin eins og Breiðholt og Grafarvogur virðast ekki mjög



ÚLFARSÁRDALUR Hátt hlutfall leigjenda er í Úlfarsárdal, eða 21 prósent. Flestir borgarbúar vilja búa áfram í sama hverfi og þeir gera í dag, samkvæmt viðhorfskönnun.

vinsæl, miðað við hlutfall íbúa.

Hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði hefur lækkað frá árinu 2007, eða úr 80 prósentum í 76. Að sama skapi hefur hlutfall leigjenda aukist um 2 prósent og nú eru um

14 prósent borgarbúa í leiguhúsnæði.

Það hlutfall gæti aukist, því um fjórðungur reiknar með að leita að íbúð í einhvers konar leiguformi. Þar er bæði átt við almennt leigu-

húsnæði og svo nemendaíbúðir, kaupréttaríbúðir, þjónustufbúðir og félagslegt húsnæði. Langflestir, eða 74 prósent, vilja þó eiga eigið húsnæði.

Minni íbúðir

Leigjendur eru flestir í Miðborginni, eða 32 prósent. Næst koma Grafarholt – Úlfarsárdalur með 21 prósent og Vesturbær með 17 prósent. Reikna má með því að margir í Grafarholti og Úlfarsárdal hafi misst húsnæði sitt vegna efnahagsástandsins og því sé hlutfall leigjenda jafn hátt þar og raun ber vitni.

Könnunin sýnir einnig að flestir reikna með að minnka við sig húsnæði. Meðalreykvikingurinn vill búa í 120 fermetra, fjögurra herbergja íbúð. Hlutfallslega margir vilja þó flytja í tveggja til þriggja herbergja íbúðir.

Drumurinn um einbýlishús lifir þó enn góðu lífi, en 47 prósent svarenda vilja búa í einbýlishúsi.

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

FRÁBÆR KAUP

Hyundai i30 Classic

Verð frá: 2.990 þús. kr.

Eyðsla frá 4,9 l/100 km* - CO₂ 139 g/km

- Aðgerðarhnappar í stýri
- ESP-stöðugleikastýring
- Aksturstölva
- iPod-, USB- og AUX-tengi
- Rafléttstýri
- EBD-hemlajöfnun
- Brekkuhemlun

5 ÁRA
ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun sér að kostnaðarlausu.

HYUNDAI

Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

Opunartími Hyundai Kauptúni 1 (Beint á móti IKEA)
Opíð frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070




40 ára afmælistilboð á EJ 220 sófum

ERIK
Jørgensen

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




EJ 220-2



163 cm

Corvina, bómmull: 398.000 kr.
Remix, ull: 424.000 kr.
Cava, leður: 667.000 kr.


EJ 220-2L



185 cm

Corvina, bómmull: 423.000 kr.
Remix, ull: 449.000 kr.
Cava, leður: 694.000 kr.


EJ 220-A



212 cm

Corvina, bómmull: 475.000 kr.
Remix, ull: 498.000 kr.
Cava, leður: 758.000 kr.

EJ 220-3



73 cm

212 cm

Corvina, bómmull: 475.000 kr.
Remix, ull: 498.000 kr.
Cava, leður: 758.000 kr.

Verðin gilda til 1. ágúst



Áfanga náð í baráttunni gegn hatursáróðri:

Facebook breytir verkferlum

Forsætisráðherra Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, lét hafa það eftir sér í gær að samfélagsmiðlar væru mesta ógnin við nútímasamfélög. Ásakar hann öfgaöfl um að nýta sér Facebook og Twitter til að æsa til mótmælanna gegn honum sem nú grassera í landinu. Sjálfsgagt hefur hann eitthvað fyrir sér í því en hvort mesta hættan sem að nútímasamfélögum steðjar sé sú að fólk hafi auðveldara aðgengi að upplýsingum og geti skipst á skoðunum og boðað til aðgerða með skjótari hætti en áður er hins vegar mállum blandið. Áhrifamáttur samfélagsmiðla til að sameina fólk til mótmæla hefur komið vel í ljós á undanförunum árum og væntanlega eru flestir – nema valdhafar sem ekki kæra sig um krítík – sammála um að það sé af hinu góða fremur en illa.

Facebook og Twitter eiga sér hins vegar sínar skuggahlíðar eins og allt annað og í síðustu viku lyktaði áralangri baráttu fémínista fyrir því að Facebook lokaði síðum með grófum hatursáróðri gegn konum með sigri. Facebook birti opinbera tilkynningu um að gripid yrði til aðgerða gegn netniði og hatursáróðri og gerðar umfangsmiklar breytingar á verkferlum í samráði við sérfræðinga og mannréttindasamtök. Sannarlega mikið framfaraskref sem ber að fagna innilega.

Hversu víðtæk þessi verkferlabreyting á að vera kemur ekki fram í yfirlýsingunni en tekið er fram að ekki verði lengur hægt að birta meidandi ummæli nafnlaust, þeir sem setji slíkt á Facebook verði að gera það undir fullu nafni. Ágætis regla svo langt sem hún nær en það virðist nú ekki hamla fólk í að ausa annað fólk svívirðingum að þurfa að gera það undir nafni, eins og kommentakerfi vefmiðlanna eru gleggsta dæmið um. Ekki er heldur tekið fram til hvaða aðgerða verði gripid haldi fólk uppteknum hætti við hatursáróðurinn. Verður það sett í bann, fær það áminningu, verður hent út í nokkra daga – eins og nú tíðkast – eða hvernig á að koma í veg fyrir að það sem fólk eys úr haughúsi haturs síns komi fyrir augu þúsunda annarra? Falskir prófílar eru heldur ekki óalgengir á Facebook, uppdiaktaðar persónur sem geta farið hamföllum í skítaustrinum án þess að þurfa að taka afleiðingunum þar sem þær eru ekki til. Hvernig á að koma í veg fyrir slíkt?


Valdhafar sem óttast áhrifamátt samfélagsmiðlanna hafa sums staðar gripid til þess ráðs að loka fyrir aðgengi að þeim, við lítinn fögnuð þeirra sem réttisynni teljast. En hvar liggja mörkin og hversu langt er réttlæt看legt að ganga í ritskoðunum? Við getum öll sameinast um að fordæma hatursáróður gegn konum og minnihlutahópum og fagna þessari ákvörðun Facebook á þeim forsendum að enn einn sigurinn hafi unnist í baráttunni fyrir jafnrétti og virðingu. En – og það er stórt en – hvað gerum við ef Facebook ákveður að áróður gegn valdhöfum sem misnota vald sitt sé óásættanlegur? Munum við líka fagna því? Ritskoðun er tveggjað sverð sem við verðum að vona að forkólfar samfélagsmiðlanna kunni með að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÁG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fríkirkjan í Reykjavík

Tónleikar miðvikudagskvöldið 5. júní kl. 20:30
Sönghópur Fríkirkjunnar – Tómas R. Einarsson – Gunnar Gunnarsson



Miðvikudagskvöldið 5. júní kl. 20:30 fagnar Sönghópur Fríkirkjunnar sumri og frumflytur nýjar útsetningar Gunnars Gunnarssonar á sönglögum Tómasar R. Einarssonar.

Útsetningarnar eru fyrir blandaðan kór og eru löggin m.a. við ljóð eftir Gyrði Elíasson, Guðberg Bergsson, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Halldór Laxness, Lindu Vilhjálmisdóttur, Sveinbjörn I. Baldvinsson, Snorra Hjartarson, Sigurð Guðmundsson og Stein Steinarr.

Gunnar og Tómas munu sjá um undirleik og einnig munu einsöngvarar úr röðum kórsins stíga fram og syngja lög eftir Tómas.

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Aðgangur ókeypis!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Samvinnuhreyfingin nýja

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar lofaði frá fyrsta degi samvinnu við stjórnarandstöðuna. Raunar kemur orðið samvinna fjórum sinnum fyrir í stjórnarsáttmálanum, sem er þó nokkuð. Raunar byrjaði áherslan á samvinnuna um leið og Sigmundur Davíð fékk umboð til stjórnarmyndunar, en hann tók sér góðan tíma til að ræða við alla flokka í mikilli sátt og samvinnu. Nú ber hins vegar svo við að fyrsta verk ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi einkennist af algjörum skorti á samvinnu. Að öllum líkindum hefst sumarþing á fimmtudaginn. Nú ber hins vegar svo við að stjórnarandstaðan veit ekkert um hvenær þingið

hefst eða hvað verður þar á dagskrá. Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, frétti af þinginu þegar hann fékk sendan matseðil frá Alþingi. Hin nýja samvinnuhreyfing virðist því, enn sem komið er, vera meira í orði en á borði.

Traust heimild

Reyndir þingmenn vita hins vegar að varla er til öruggara plagg á vegum íslenskra stjórnvalda, framkvæmdar- eða löggjafarvaldsins og jafnvel dómvaldsins, en einmitt téður matseðill Alþingis. Í öllu umróti um þingfrestun eða setningu stendur allt þar eins og stafur á bók, tja eða matseðli.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Ísland og vopnaviðskipti

VOPNAVIÐSKIPTI



Hermann Ottósson framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

Þriðjudagurinn 2. apríl 2013 var og er sögulegur dagur en þá var alþjóðlegur vopnaviðskiptasamningur samþykktur með miklum yfirburðum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það er fyrsti samningur sinnar tegundar og bannar ríkjum að selja eða flytja vopn og skotfæri ef þau hafa grun um að þeim verði beitt til að fremja stríðsglæpi. Sá góði samningur sem var samþykktur fyrir tveimur mánuðum uppfyllir að flestu leyti óskir Rauða krossins um alþjóðasamning sem getur orðið til þess að takmarka flæði léttvopna, sem nú grafa undan stöðugleika um allan heim og valda milljónum manna kvölum og angist.

Það er enn ánægjulegra fyrir Rauða krossinn á Íslandi að vita að íslensk stjórnvöld studdu með ráðum og dáð gerð samningsins og höfðu meira að segja áhrif á lokagerð hans. Með mikilli eljusemi utanríkisráðuneytisins og starfsmanna þess tókst Íslandi með stuðningi annarra ríkja og félagsamtaka að koma inn mikilvægu ákvæði sem bannar ríkjum að selja eða miðla vopnum sem verði beitt til að fremja kynbundið ofbeldi eða ofbeldi gegn konum og börnum þar sem það varðar brot á alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum. Það er í fyrsta sinn sem tengslin milli vopnaviðskipta og kynbundins ofbeldis eru viðurkennd í alþjóðasamningi og það

→ **Rauði krossinn fagnar því einnig að íslensk stjórnvöld skuli hafa verið í hópi fyrstu ríkja sem undirrituðu samninginn í New York í gær.**

má með réttu segja að Ísland eigi heiðurinn af þessu ákvæði sem fjöldamörg ríki og félagsamtök studdu dyggilega.

Rauðakrosshreyfingin skorar á ríki heims að undirrita, fullgilda og svo innleiða samninginn eins fljótt og verða má. Þannig geta þjóðríki lagt lóð sín á vogarskálarnar í baráttunni fyrir aukinni velferð milljóna manna um heim allan sem búa við vopnuð átök þar sem kerfisbundnum mannréttindabrotum er beitt gegn óbreyttum borgurum.

Rauði krossinn fagnar því einnig að íslensk stjórnvöld skuli hafa verið í hópi fyrstu ríkja sem undirrituðu samninginn í New York í gær. Rauði krossinn telur utanríkisráðuneytið eiga hrós skilið fyrir vasklega framgöngu í þessu máli og vonandi verður samningurinn fullgiltur og innleiddur fljótlega. „Íslenska“ ákvæðið um ofbeldi gegn konum og börnum er nokkuð sem við getum verið stolt af. Niðurstaðan staðfestir þá trú okkar að lítil ríki geti náð miklum árangri á alþjóðavettvangi með einbeitni, alþjóðasamvinnu og sterkum vilja til að láta gott af sér leiða.

Konur og kynlíf

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Opinber umræða um kynlíf er oftast feimnismál og oft er erfitt að koma orðum að því sem kann að angra viðkomandi. Við vitum að það á við um slíkar umræður við maka, vini, kunningja og að sjálfsögðu heilbrigðisstarfsfólk. Því getur verið snúið að fá aðstoð eða leita sér upplýsinga. Í þessu efni er ekki sérlega mikill munur á milli kynja, en mögulega eru konur þó opnari og reiðubúnari að tjá sig en karlar.

Í dag er talið að allt að 45% kvenna þjáist á einhverjum tímapunkti af svokallaðri kynlífs- eða kynhvartartruflun (Female Sexual Disorder, FSD). Til eru nokkrar skilgreiningar á vandanum en í grunninn snýst hann um viðvarandi eða endurtekna minnkun á kynhvöt og löngun, lélega eða ónóga

örvun, vanda við að fá fullnægingu og verki eða óþægindi við samfarir. Konur geta fundið fyrir þessu hvenær sem er á lífsleiðinni í sjálfu sér en algengast er þó að slíkt komi upp eftir barnsburð eða við tíðahvörf. Þá er þekkt tenging við ýmsa sjúkdóma og lyf, auk þess sem sálfélagslegar aðstæður, streita og vanlíðan eiga stóran þátt í að skapa grundvöll fyrir slíku. Einkennin geta verið sambland af öllum þeim sem voru nefnd hér að ofan eða bara eitt þeirra. Þrátt fyrir að slík truflun geti haft mikil áhrif á konur er rétt að átta sig á því að hægt er að meðhöndla flestar orsakir þessa vanda, ef vandinn er greindur rétt.

Margvíslegar orsakir

Mikilvægt er að hafa í huga að einstaklingarnir eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Það eru ekki til nein viðmið um hvað er eðlilegt varðandi samlíf einstaklinga, nema ef vera skyldu einhver óljós samfélagsleg viðmið sem eru býsna ólík eftir því hvar maður er staddur í heiminum í menningarlegu tiliti. Ef við skoðum hinn vestræna heim, sem við berum okkur ein-

mitt oftast saman við, kemur í ljós að vandi sem þessi byggir oft á upplifun konunnar og orsakast af því að hún finnur fyrir vanlíðan og neikvæðum tilfinningum þegar kemur að áhuga og framkvæmd kynlífs. Orsakirnar geta verið margvíslegar og er hægt að skipta þeim niður í nokkra flokka, sem er skynsamlegt þegar á að nálgast vandann á skipulegan hátt. Hin líkamlegu tengjast einna helst sjúkdómum eða ástandi sem getur haft umtalsverð áhrif. Þar ber einna helst að nefna ójafnvægi í hormónabúskapnum við tíðahvörf eða í kjölfar fæðingar með tilheyrandi slímhúðarþurrki; þynnri, viðkvæmari slímhúð með minni teygjanleika en einnig bólguástandi og verkjum í kjölfar fæðingar með rofi á fæðingarvegi. Hjarta- og æðasjúkdómar, skjaldkirtilsvandir, sykursýki, krabbamein og aukaverkanir við meðferð þeirra, verkir og dofi í gígta- og taugasjúkdómum eins og MS eða liðagigt, þvag og/eða hægðavandi, aðgerðir á umræddu svæði og ýmislegt fleira getur komið til. Oft er lyfjum, eða öllu heldur aukaverkunum þeirra, kennt um og eru þar einna

algengust þunglyndislyf, blóðþrýstingslyf og ofnæmislyf.

Sálræn vandamál geta verið býsna margvísleg, allt frá þunglyndi og kvíða yfir í alvarlegri geðsjúkdóma, misnotkunarsögu og/eða andleg áföll. Þess konar sálræn vandamál geta haft geysmikil áhrif á upplifun kvenna sem kynverur. Hin félagslegu tengsl og samskiptamynstur í samböndum skipta líka miklu máli, ekki síst samspil allra þessara þátta. Kona sem finnur fyrir þessari truflun getur lent í frekari vitahring í samskiptum við maka sinn eða lífsförunaut, bæði meðvitað og ómeðvitað.

Samsett meðferð

Greining á þessum vanda fer að mestu leyti fram í ítarlegum samtölum þar sem reynt er að átta sig á samspili ofangreindra þátta, auk læknisskoðunar og rannsókna. Þannig er reynt að tryggja sem réttasta meðferð fyrir hverja konu, sem byggir á undirliggjandi vanda og leiðréttingu á honum, en oft er meðferðin samsett. Þar getur margt komið til, til dæmis sleipiefni, til þess að koma enn frekar í veg

“ Hin félagslegu tengsl og samskiptamynstur í samböndum skipta líka miklu máli ...

fyrir sársauka vegna þurrks, kynlífsleiktæki, nálastungumeðferð, jóga og þjálfun á grindarbotni og aðlægum vöðvum. Auk þessa eru stundum gefin sértæk lyf eins og kvenhormón eða karlhormón en einnig stinningarlyf viðlíka þeim sem karlar nota. Hér vantar þó enn rannsóknir til að styðja verulega notkun slíkra lyfja. Það lyf sem hefur verið mest rannsakað í dag er samsett af karlhormóni og stinningarlyfi.

Líklegast er þó að heilbrigður lífsstíll eins og að reykja ekki, drekka sem minnst áfengi, borða hollan mat, hreyfa sig reglubundið og stuðla að andlegri og félagslegri heilsu, auk þess að vera í eðlilegu samskiptamynstri við maka sinn, sé það mikilvægasta í þessu samhengi. Því þurfum við öll að rækta þessi atriði!

Skuggi yfir Austurvelli

Þegar gefa á leyfi fyrir auknu byggingamagni á þrengri svæðum innan borgarinnar verður að spyrja: Hvaða afleiðingar hafa slík áform til frambúðar? Það sem drífur mig í þessi skrif er ótti gagnvart andvaraleysi og arðsemissjónarmiðum einstakra aðila. Þess háttar drifkraftur hefur oft orðið

SKIPULAG



Lára Óskarsdóttir ACC stjórnendamarþjálfari

til þess að borgarþátttakari sitja uppi með lélega fjárfestingu.

Þáll Óskar Hjálmtýsson hefur barist fyrir verndun Nasa og styð ég hans sjónarmið. Að mínu viti geymir húsið ákveðna sögu borgarinnar sem ég tel einstaka. Þessi skipulagsbreyting við Austurvöll er ekki fyrsta þrætu-

epli hagnunaaðila. Við skulum ekki gleyma að á sínum tíma voru uppi áform um að rífa Bernhöftstorfuna. Hvernig liti bæjarmyndin út, upp í brekkuna, ef það hefði gengið eftir?

Á heimasíðu Torfusamtakanna má lesa: „Ævintýrið byrjaði árið 1973 þegar nokkrir einstaklingar, með auga fyrir sérstakri fegurð gamalla íslenskra húsa og áhuga á menningarsögulegum verðmætum

þeirra, björguðu Bernhöftstorfunni frá niðurrífi með því að mála hana alla á einni nóttu.“ Ef þessi baráttan hefði ekki átt sér stað stæðu líklega byggingar frá áttunda áratugnum í stað Torfunnar.

Ég skora á borgaryfirvöld að draga leyfi fyrir auknum byggingum við Austurvöll til baka. Ég tek undir með Helga Þorlákssyni sem ritari í grein Morgunblaðinu þann 18. maí: „Enn meira skugga-

varp verður af nýrri hótélbyggingu á horni Austurvallar og Kirkjustrætis og þrengir mjög að húsum Alþingis.“ Það er skiljanlegt að eigendur vilji hámarka arð af lóðum sínum. Hitt er aftur á móti illskiljanlegt að borgarstjórnarmeirihluti Reykjavíkur ætli að gefa leyfi fyrir auknu byggingamagni á þessu „frímerki“. Austurvöll má líta á sem vin í malbikuðum veruleika borgarinnar. Slík svæði ber að vernda.



Sérstök brúðkaupsgjöf

KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.



Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðgafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.





Nýjar KitchenAid vörur



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

max.is

NETIÐ REYNDIST EKKI VERA BÓLA!

17,3"
SKJÁR

Toshiba
Satellite
C870

99.989,-

-20.000,-
= 79.989,-

Kitchenaid
Classic 45
hrærivél

59.989,-

-10.000,-
= 49.989,-

AKG
Heyrnatól

Tíðnisvið:
16Hz - 21kHz

4.489,-

-1.500,-
= 2.989,-

Thomson
32" LCD
Sjónvarp

79.989,-

-20.000,-
= 59.989,-

Panasonic
14.1M
Lumix
myndavél

19.989,-

-5.000,-
= 14.989,-

Scandomestic
kæliskápur

85 sm
106 lítrar

44.989,-

-15.000,-
= 29.989,-

Whirlpool
uppvottavél
13 manna
10 þvottakerfi

149.989,-

-50.000,-
= 99.989,-

United 7"
Android
spjaldtölva

14.989,-

-5.000,-
= 9.989,-

MAX

RAFTÆKI

Tilboðin gilda til 6. júní eða meðan birgðir endast

NÝ HEIMASÍÐA!

**RISA
VERSLUN
BEINT
Á MÓTI
IKEA!**

**2000
RAFTÆKI**

**MAX
RAFTÆKI**

**+
OKKAR
LÁGA
VERÐ**

RAFTÆKI
HEIMLISTÆGI
RAFTÆKI
TÖLVUR
DVD
TÖLVULEIKUR
SÍMAR
MYNDAVÉLAR
BÚSÁHÓLD
LEIKJATÖLVUR
SPJALDTÖLVUR

Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

NYTT KORTATÍMABIL

NETKLÚBBUR MAX

Sértilboð aðeins fyrir
netklúbbsfélaga

Tilvísun

Skrá

MAX ÖRYGGI

**FRÍ HEIMSENDING
Í JÚNÍ EÐ PANTAÐ
ER Á MAX.IS**



TILBOÐ

Philips 42"
Smart LED
sjónvarp

~~199.989,-~~
149.989,-



TILBOÐ

Candy Pvoottavél
~~104.989~~
79.989

Setja í körfu

1400 snúninga og 8kg
Þvottavél með stafrænu kerfisvili



TILBOÐ

Panasonic heimbúkerfi
~~79.989~~
59.989

Setja í körfu

520w (2x150w og 1x200w RMS) Digital
Magnét: 2 hátalarar og Bassabox



TILBOÐ

Panasonic 32" LED sjónvarp
~~129.989~~
89.989

Setja í körfu

Upplausn: 1920x1080 punktar
Vreal Engine myndtækni



TILBOÐ

Panasonic 47" LED sjónvarp
~~244.989~~
169.989

Setja í körfu

Upplausn: 1920x1080 punktar
Vreal 3D Engine myndtækni



TILBOÐ

Panasonic 55" LED Sjónvarp
~~499.989~~
299.989

Setja í körfu

Upplausn: 1920x1080 punktar
Vreal 3D Engine myndtækni



TILBOÐ

Philips ferðatæki
~~12.989~~
7.989

Setja í körfu

Mið geislaspilara og útvarpi.
Dynamic Bass Boost, FM útvarp.



TILBOÐ

Philips Senseo Viva Kaffivél
~~15.989~~
9.989

Setja í körfu

1450w Senseo Kaffivél.
Heldir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu.



TILBOÐ

Severin 100w kaffivél - stál
~~4.989~~
2.989

Setja í körfu

Fyrir 10 þolla. Vatnsmælir.
Non drip ventill. Hitaplasti.



TILBOÐ

Candy Helluborð
~~119.989~~
69.989

Setja í körfu

2 x 180mm 1.4kW. 1 x 180mm 2.0kW.
1 x 210mm 2.0kW.

Opið mán.- fös.
Laugardaga
Sunnudaga

kl. 11-19
kl. 11-18
kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Beint á móti IKEA

Lögfræði og skipulag

Er ómögulegt að breyta vondu skipulagi? Þessarar spurningar spyr Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við laga-deild HÍ, í ágættri grein í Fréttablaðinu 8. maí sl. Spurning Skúla snýr aðallega að deiliskipulagi sem skiljanlegt er, enda eru allar aðrar skipulagsáætlanir tímabundnar skv. lögum.

Málið snýst um hagsmuni lóðarhafa annars vegar og íbúa og skipulagsyfirlingarsvæðis Reykjavíkur. Oftast fara þessir hagsmunir saman sem betur fer, en stundum liggur fyrir að almannahagsmunir krefjast breytinga á skipulagi, t.d. að uppbyggingar- eða niðurrifsheimildir séu minnkaðar á viðkvæmum svæðum vegna breyttra viðhorfa o.s.frv. Sveitarfélög guggna þó oft á því af ótta við bótakröfur frá lóðarhafnum. Það er því von að spurt sé: Er ómögulegt að breyta vondu skipulagi?

Það er hárrétt hjá Skúla að bótaskylda sveitarfélaga skv. skipulagslögum er reyndar um margt óljós af þeirri einföldu ástæðu að lítið hefur reynt á hana. Það er hreinlega óheppilegt hvað sveitarfélög hafa verið treg (eða rög) við að láta reyna á hana fyrir dómstólum og ef til vill er hún ekki jafn víðtæk og sveitarfélög virðast óttast.

Ákveðin mótsögn

En Skúli lendir í ákveðinni mótsögn í grein sinni. Hann segir að það sé í eðli deiliskipulags að því sé ætlað að vera endanlegt

SKIPULAGSMÁL



Einar Örn Thorlacius
fv. yfirlögfræðingur
skipulags- og
byggingarsviðs
Reykjavíkur

og kveða með nokkurri nákvæmni á um byggingarreiði, útlit, nýtingarhlutfall o.s.frv. Samt spyr hann hvort ekki sé hægt að breyta því án þess að óttast bótakröfur, einkum ef það er vont.

Menn hafa lengi bent á þann galla sem þeir hafa talið vera á íslenskri skipulagslöggjöf, að deiliskipulagsáætlanir séu ætíð ótímabundnar, öfugt við það sem gerist sums staðar í nágrennalöndunum. En hvers vegna er deiliskipulag alltaf ótímabundið hér? Er nokkuð í lögum sem kemur í veg fyrir tímabundið deiliskipulag? Það fæ ég ekki séð.

Eftirfarandi er mín lögfræðilega skoðun: Enda þótt deiliskipulagsáætlanir hafi ekki afmarkaðan ákveðinn gildistíma samkvæmt skipulagslögum er ekkert sem kemur í veg fyrir að slíkri áætlun sé afmarkaður ákveðinn gildistími ef það sveitarfélag sem samþykkir hana tilgreinir það skýrlega í áætluninni sjálfri.

Byltingarkennd túlkun

Þetta er í raun byltingarkennd túlkun. En ég fæ ekki betur séð en að hún standist. Það væri a.m.k. mjög eðlilegt að skipulagsyfirlingur í t.d. Reykjavík létu kannna þetta til þrautar lögfræðilega.

Nú skulum við taka dæmi: Upp úr síðustu aldamótum höfðu skipulagsyfirlingur í Reykjavík miklar áhyggjur af miðborginni í samkeppni við Kringluna. Svárið var að samþykkja ótíma-

→ En hvers vegna er deiliskipulag alltaf ótímabundið hér? Er nokkuð í lögum sem kemur í veg fyrir tímabundið deiliskipulag? Það fæ ég ekki séð.

bundið deiliskipulag með miklum uppbyggingar- og niðurrifsheimildum t.d. við Laugaveg. Núna, tíu árum síðar, eru viðhorfin gjörbreytt. Borgin getur þá að sjálfsögðu samþykkt breytingu á gildandi deiliskipulagi með snarminnkuðum heimildum. En þá er nú hætt við að lóðarhafar myndu krefjast bóta.

Mesta bölið

Ef deiliskipulagið hefði hins vegar á sínum tíma verið tímabundið, segjum til tíu ára, þá hefði öllum verið ljóst (eða átt að vera ljóst) að það væri alls óvíst að borgin framlengi það óbreytt að tíu árum liðnum. Þeir sem ekki hefðu sótt um byggingarleyfi fyrir breytingum áður en deiliskipulagið rann út hefðu orðið að sætta sig við breytingarnar bóta-laust. Þeir sem hefðu sótt um breytingar í tæka tíð hefðu orðið að hefjast handa innan tólf mánaða frá útgáfu byggingarleyfis, en þá fellur það úr gildi skv. mannvirkjalögum hafi framkvæmdir ekki hafist.

Ég tel það eitthvert mesta bölið skipulagsmálum Reykjavíkur að deiliskipulagsáætlanir hafa alltaf verið ótímabundnar. Og það sem meira er: Mér sýnist að sú staðreynd hafi byggst á lögfræðilegum misskilningum sem kominn er tími til að leiðrétta.

Opið bréf til forsætisráðherra

Kæri Sigmundur Davíð, ég óska þér til hamingju með forsætisráðherra-stólinn.

Í stjórnarsáttmálanum segir: Íslensk þjóðmenning verður í hávegum höfð, að henni hlúð og hún efl. Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innanlands sem utan.

Þar sem þú ert yfirmaður þess málaflokks að miklum hluta þar sem er fjallað um verndun minja og húsa, menningu og sögu, fyllist ég bjartsýni. Ég treysti því að þú komir í veg fyrir það skemmdarverk sem fyrirhugað er að gera á Landsímareit/Kvosinni í miðborginni. Að þú munir styðja þá mikla grósku og tónlistarmenningu sem hefur blómstrað undanfarið ár í tónleikasalnum Nasa, sem hefur mikla sögu og gamlar innréttingar. Yfir 200 tónlistarmenn hafa mótmælt þessum fyrirætlunum um að rífa Nasa og endurbyggja.

Glögg er gests augað. Síðastliðið haust kom fram í útvarpsfréttum (<http://www.ruv.is/sarpurinn/hadegisfrettir/08092012-1>) að tveir spænskir arkitektar fjölluðu um höfuðborgir Norðurlandanna í spænsku arkitektablaði (<http://margenesarquitectura.com/norteuropa.htm>), en leiðari þess var helgaður Reykjavík. Þeir leyna ekki hrifningu sinni á miðborginni. Þeir segja að hún eigi sér ekki nokkra hliðstæðu og að gæði og einfaldleiki bygginga í Reykjavík séu slík að annað eins finnst ekki í öðrum höfuðborgum Evrópu. Í blaðinu er fjallað um tengsl og samspil Reykjavíkur við fortíðina og söguna. Niðurstaða þeirra var sú að það væri full ástæða til að huga að því að miðborg Reykjavíkur yrði sett á heimsminjaskrá. Stórkostlegt!

Fyrsta skrefið

Sigmundur Davíð, þú gætir tekið fyrsta skrefið í að setja miðbæ Reykjavíkur á heimsminjaskrá UNESCO. Það myndi nú aldeilis fá ferðamenn til að koma til landsins og um ókomna tíð. En að byggja eintóm hótél í hjarta miðbæjarins verður til þess að ferðamenn og borgarþáttfarar missa áhugann á að heimsækja miðbæinn, og hann mun deyja.

Þú ert menntaður í skipulagsfræðum og þú kemur vel inn á í gömlu viðtali við Egil Helgason (blog.pressan.is/arkitektur/2013/05/21/skipulagsfraedingur-forsaetisradherra/) hversu dýrmætt það er að vernda gamlar byggingar. Þeim fylgir meira og betra mannlíf en nýbyggingum.

Eins voru í þættinum sýndar myndir þar sem bætt hafði verið inn nýjum byggingum í öðrum stíl á milli gamalla bygginga. Þetta voru mjög sláandi og áhrifa-

SKIPULAG



Póra Andrésdóttir þegn í þessu landi og íbúi í miðborginni

→ Sigmundur Davíð, þú gætir tekið fyrsta skrefið í að setja miðbæ Reykjavíkur á heimsminjaskrá UNESCO. Það myndi nú aldeilis fá ferðamenn til að koma til landsins og um ókomna tíð.

miklar myndir, t.d. af Nýhöfn í Kaupmannahöfn þar sem sett hafði verið inn á milli gömlu húsanna ný bygging í líkingu við Íðuhúsið. Á Tryggvagötunni er álíka dæmi fyrir aftan gamla Naustið, en þar er stór dökk bygging í nýjum stíl sem grúfir yfir lágrest timburhús í gömlum stíl.

Þetta er akkúrat það sem á að fara að gerast fyrir framan augun á okkur, hinum megin við Alþingi. Þar hefur einn maður eignast margar lóðir á Landsímareit/Kvosinni og vill byggja þar hótél. Það mun bera gömul hús ofurliði og varpa skugga á Austurvöll, vinsælt almenningsrými okkar borgarþáttfarar með mikla sögu.

Merkar minjar

Það væri miklu tilhlýðilegra að hið háttvirta Alþingi eignaðist Landsímahúsið undir skrifstofu sinnar. Guðjón Samúelsson teiknaði það og það hefur mikla sögu tengda fjarskiptamálum þjóðarinnar. Þá þyrfti Alþingi ekki að reisa byggingu á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu, eins og fyrirhugað hefur verið. Eitthvað myndi það nú kosta. Á þeim reit er að finna merkar minjar og þær gætu þá fengið að njóta sín þar og verið til sýnis.

Þá er vert að rifja upp samþykkt um verndun borgarhverfa, sem þú fékkst samþykka í skipulagsráði árið 2010 og sett hefur verið inn í stjórnarsáttmálanum. Þetta gefur fögur fyrirheit.

Ég skora því á þig, Sigmundur Davíð, og treysti því að þú komir í veg fyrir að þessi deiliskipulagstíllaga Kvosin/Landsímareitur nái fram að ganga og verði að veruleika. Ef hún gerir það getur þetta svæði, lóðir og hús orðið miklu dýrara fyrir bragðið og enginn, þar á meðal Alþingi, hefur efni á að kaupa þær. Og það er ekki einu sinni víst að núverandi eigandi, sem nú hefur verið ákærður fyrir skattsvik, hafi efni á að fara í þessar framkvæmdir. Gamla húsið Nasa og Nasasalurinn getur grotnað niður á meðan, en það stendur nú autt og óupphitað. Látum það ekki gerast.

Kæri Sigmundur Davíð, þér, sem og öllum öðrum, er boðið á baráttufund á Ingólfstorgi, laugardaginn 8. júní, kl. 14.

Atburðurinn er á Facebook: [Elsku besti ekki hótél.](http://www.facebook.com/elsku.besti.ekki.hotel)

Frestur til að senda inn athugasemdir/mótmæli við þetta deiliskipulag til skipulag@reykjavik.is rann út á miðnætti 30. maí.

Umsóknarfrestur til 5. júní

NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS

HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú Keilis er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Á Háskólabrú er lögð áhersla á speglaða kennsluhætti. Miðað er við þarfir fullorðinna nemenda þar sem gerðar eru kröfur um sjálfstæði í vinnubrögðum og raunhæf verkefni.

Kennsla í staðnámi á Háskólabrú Keilis fer fram á Ásbrú í Reykjanesbæ og hjá SÍMEY á Akureyri.

NÁMSFRAMBOÐ

- // FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD
- // VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
- // HUGVÍSINDAEILD
- // VERK- OG RAUNVÍSINDAEILD

KEILIR
ÁSRÚ
578 4000
keilir.net



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

AF NETINU

Engin stjórnarandstaða

Ríkisstjórnin býr við þann lúxus að það er engin stjórnarandstaða. Fyrri stjórnarflokkar eru í naflaskoðun. Samfylkingin leitar í örvæntingu að skýringum á slæmu gengi og innan Vinstri grænna beinist reiðin ekki síst að Ögmundi Jónassyni, sem lengi spilaði eins og hann væri í stjórnarandstöðu við ríkisstjórn sem hann sat sjálfur í.

Björt framtíð virðist fyrst og fremst vera hálfletileg. Helsta andstaðan kemur frá náttúruverndarsinum sem óttast stór áform í virkjanamálum.

Svona verður þetta um nokkurt skeið. Það verður talstvert langt í að Samfylkingin og VG nái vopnum sínum í stjórnarandstöðu.

En yfir stjórninni vofir krafan um skuldaleiðréttingar. Hún gleymist ekki og það er lítil þölinnæði gagnvart undanbrögðum í því máli.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils/>

Egill Helgason

Heilbrigðissvið Fastus

Fastus býður uppá mikið úrval af vörum
á heilbrigðissviði



Ansell Microtouch hanskar




Tunturi Pilates æfingasett

Sporlastic spelkur



Rannsóknarvörur



Völker - rafknúin hjúkrunarrúm



Rafskutlur



Heilsudýnur



Veit á vandaða lausn



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar og afa,

RÚDÓLFS SÆVARSSONAR
Heiðargerði 66, Reykjavík.

Ruth Jóhanna Arelíusdóttir
Annadís Greta Rúdólfsdóttir
Sandra Björk Rúdólfsdóttir
Daniel Ari Maksimov og Gabriel Rudolf Maksimov.




Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

PÁLÍNA ÞORVALDSDÓTTIR
Kjarrhólma 18, Kópavogi,

verður jarðsungen frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 6. júní kl. 13.00.

Rúnar Sigurbjörnsson
Guðbjörg Valdís Guðmundsdóttir Frank Rasmussen
Jónas Guðmundsson
Erla Guðmundsdóttir
Jóhanna Poulsen Heimir Brynjarsson
Hlífur S. Rúnarsson Halla Magnúsdóttir
Hlynur Swan Rúnarsson Guðbjörg I. Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, bróðir, mágur og tengdafaðir,

RAGNAR HEIÐGAR GUÐSTEINSSON
húsgagnasmíðameistari,
Orrahólum 7,

verður jarðsungen frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 6. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á að styrkja Barnaspítala Hringins í minningu hans.

Birgir Karl Ragnarsson Ingunn Þorsteinsdóttir
Óskar Ragnarsson
Berglind Ragnarsdóttir
Magnea Guðrún Guðsteinsdóttir
Henny Rós Guðsteinsdóttir
Svanur Fannar Guðsteinsson Þórey Erlingsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

RAGNHEIÐUR DÓRÓTHEA ÁRNADÓTTIR
Geirlandi við Suðurlandveg,

sem lést þann 23. maí verður jarðsungen frá Hjalakirkju miðvikudaginn 5. júní kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð Árna Kr. Hanssonar hjá Friðkirkjunni Kefas, Ljósið eða Rauða Krossinn.

Bragi Sigurjónsson
Árni Brynjar Bragason
Helga Björk Bragadóttir
Sigurjón Rúnar Bragason
Guðrún Hlín Bragadóttir
og barnabörnin tíu.
Þuríður Ketilsdóttir
Friðrik Örn Egilsson
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Narfi Ísak Geirsson



Ástkær eiginmaður minn,

PÉTUR KR. PÉTURSSON
Gullsmára 7, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu mánudaginn 27. maí, verður jarðsungen frá Hjalakirkju í Kópavogi fimmtudaginn 6. júní kl. 13.00.

Aðalheiður Jónsdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÓLAFUR A. ÓLAFSSON
málameistari,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Nes Kirkju þriðjudaginn 4. júní kl. 13.

Gísli Örvur Ólafsson
Valgerður Björk Ólafsdóttir
Helga H. Ólafsd. Gustafsson
Hulda Sjöfn Ólafsdóttir
Ólafur Örn Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Reynir Jóhannsson
Roger Gustafsson
Ólafur Sturla Kristjánsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
KARL GUÐGEIR GUÐMUNDSSON
Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést á Landspítalanum föstudaginn 24. maí. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 5. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Ljósið.

Þorsteinn Jósep Karlsson
Sigríður Guðrún Karlsdóttir
Hjalte Guðbjörn Karlsson
barnabörn og fjölskyldur þeirra.
Ragnar Benjamín Ingvarsson
Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SVEINN GUÐMUNDSSON
Skagfirðingabraut 33,
Sauðárkróki,

lést miðvikudaginn 29. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. júní kl. 14.00.

Guðmundur Sveinsson
Óskar Páll Sveinsson
Auður Steingrímsdóttir
Sveinn Guðmundsson
Anna Lóa Guðmundsdóttir
Svala Guðmundsdóttir
Bjarni Óskarsson
Guðmundur Peng Sveinsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

FRIÐRIK JÓELSSON
prentari,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ, föstudaginn 7. júní kl. 13.00.

Valdís Guðjónsdóttir
Friðrik Ingvar Friðriksson
Guðjón Erling Friðriksson
barnabörn og barnabarnabörn.
Þuríður Sigurðardóttir
Fanney Óskarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
BIRGIR GUÐMUNDSSON
múrari,
Kristnibraut 47, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju miðvikudaginn 5. júní klukkan 13.00.

Ásdís Guðnadóttir
Bryndís Ásta Birgisdóttir
Bjarni Ásgeir Birgisson
Þórunn Birna og Jóhann Kári.
Bjarni Jóhannsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

EMIL KARL BJARNASON
Lindargötu 23, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi 25. maí. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 6. júní kl. 15.00.

Yosien Pattiwaellapia (Ochi)
Emilía Kristín Bjarnason
Birnir Karl Bjarnason
Sindri Karl Bjarnason
Hilmir Karl Bjarnason
Þorsteinn Bjarnason
Kristinn Bjarnason
og barnabörn.
Guðlaug Haraldsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

GUÐMUNDAR BJARNASONAR
frá Hlemmiskeiði.

Guðrún Magnúsdóttir
börn, tengdabörn og fjölskyldur þeirra.



HEIÐRA SNÆJU
Ingibjörg Guðjónsdóttir söngkona og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari munu í kvöld flytja lög sem Ingibjörg söng í söngnáminu hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur í Tónlistarskóla Garðabæjar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mín gæfa að lenda í námi hjá Snæbjörgu

Ingibjörg Guðjónsdóttir er bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2013. Hún fagnar útnefningunni með tónleikum í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í kvöld. Þar mun hún heiðra Snæbjörgu Snæbjarnardóttur söngkennara, sem verið hefur örlagavaldur í lífi hennar á fleiri en einu sviði.

„Þetta kom skemmtilega á óvart,“ segir Ingibjörg Guðjónsdóttir, söngkona, kórstjóri og söngkennari, sem á föstudag var útnefnd bæjarlistamaður Garðabæjar 2013. „Ástæðan er væntanlega fyrst og fremst starf mitt með Kvennakór Garðabæjar sem ég stofnaði árið 2000. Starf hans hefur verið mjög sýnilegt í bænum, en við höfum verið með samstarfssamning við bæinn og sinnt ýmsum verkefnum til að efla hér menningu og listir.“

Ingibjörg hefur lagt meira af mörkum til eflingar tónlistarlífs í Garðabæ og fór um áramótin af stað með tónleikaröðina Þriðjudagsklassík í Garðabæ. Lokatónleikar raðarinnar í vor eru

einmitt í kvöld og þar syngur Ingibjörg sjálf við undirleik Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Arleifð Snæju og er efnisskráin tileinkuð námsárum Ingibjargar í Tónlistarskóla Garðabæjar hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur söngkennara. Snæbjörg varð áttæð á síðasta ári en hún kenndi í ein þrjátíu ár við skólann og útskrifaði fjölda góðra söngvara. „Mér fannst mjög við hæfi að heiðra Snæbjörgu,“ segir Ingibjörg. „Bæði lærði ég hjá henni öll mín ár í tónlistarskólanum hér og svo tengist hún mér að því leyti að hún er móðursystir mannsins míns. Hún kynnti okkur þannig að það er

henni að þakka að við erum hjón í dag. Það var mín gæfa að lenda í námi hjá henni þegar ég var sautján ára, bæði sem söngkonu og í einkalífínu.“

Dagskrá tónleikanna í kvöld er fjölbreytt. „Þetta eru klukkutíma tónleikar og efnisskráin er mjög blönduð,“ segir Ingibjörg. „Þetta eru lög sem Snæbjörg var að miðla mér í gamla daga, alveg frá klassísku íslensku lögum yfir í þýsk ljóð og óperuaríur. Og svo er þarna léttmeti með.“

Tónleikarnir í kvöld eru þeir síðustu á þessu vori en Ingibjörg segir að strax og haustar fari tónleikaröðin af stað aftur.

fridrikab@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HEILSA

Sir Michael Marmot verður aðalfyrirlesari á ráðstefnu um áhrifaþætti heilsu og velliðanar á Íslandi þann 28. júní 2013 í Háskólanum í Reykjavík.



SUMARDAGAR

15% afsláttur
af sumarvörum

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



LÍFSGLEÐI Við tíðahvörf upplifa margar konur breytingar á líðan sinni en með náttúrulefni Promensil njóta þær lífsins til fulls.

ERTU KOMIN Á BREYTINGASKEIÐ?

HALLDÓR JÓNSSON KYNNIR: Ertu pirruð, oft í svitakófi og átt erfitt með svefn á nóttunni? Hefurðu grun um að tíðahvörf séu hafin? Taktu þá Promensil-tíðahvarfaprófið til að vita fyrir víst hvort breytingaskeiðið sé hafið.

Margar konur finna fyrir einkennum tíðahvarfa um leið og þær eru óvissar um hvort þær séu komnar á breytingaskeið,“ segir Auður Hafþórsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni sem nú teflir fram kærkominni nýjung fyrir konur sem vilja fá staðfestingu á breyttum hormónabúskap líkamans.

„Promensil-tíðahvarfaprófið veitir 99,9 prósentu vissu um hvort tíðahvörf séu hafin. Prófið er hraðvirkt heimapróf og greinir FSH-eggþússtýrihormón í þvagi,“ útskýrir Auður.

Á frjósemissskeiði örvast vöxtur og þroski eggþúa í eggjastokkum af völdum FSH-eggþússtýrihormóns en hækkað magn hormónsins bendir til tíðahvarfa.

„Algengustu einkenni tíðahvarfa eru hitakóf, nætursviti, svefnleysi, skap-sveiflur, pirringur og þurrkur í leggöngum. Blæðingar verða einnig óreglulegar þar til þær hætta alveg,“ segir Auður um merkileg tímamót í lífi kvenna sem reynast sumum konum erfiðari en öðrum.

„Nútímakonur eru flestar uppteknar í

blóma lífsins og leita í auknum mæli að náttúrulegum leiðum til að bæta líðan sína á breytingaskeiði. Promensil býður því einnig fæðubótar-efni sem spilað getur lykilhlutverk í að hjálpa konum að upplifa aukinn lífskraft og njóta lífsins til fulls,“ segir Auður og segir Promensil viðurkennda og náttúrulega lausn við einkennum tíðahvarfa.

„Undanfarin fimmtán ár hafa farið fram klínískar rannsóknir á Promensil um allan heim og yfir eitt þúsund konur tekið þátt í þeim. Promensil inniheldur rauðsmára, sem er ríkasta uppspretta isoflavones sem er náttúrulegt efnasamband sem bætir hormónavirkni og líðan kvenna á breytingaskeiði,“ segir Auður um Promensil-töflurnar sem fást í tveimur styrkleikum.

„Þær mildari eru hentugar til að halda einkennum tíðahvarfa í lágmarki eða fyrir miðlungseinkenni og þær sterkari eru hentugar byrjunarskammtur eða þegar einkenni eru mikil.“



Meira um Promensil-tíðahvarfaprófið á www.facebook.com/promensilisland

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland. Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
 - Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
 - Mannleg samskipti.
 - Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.
- Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:

„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni.“



Martha Jensdóttir kennari.

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrabjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gíslöft.



...Léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



Boston nýsmíði með 20% afslætti
aðeins í dag 4 júní



RÝMINGARSALA
VEGNA FLUTNINGA

Sýningareintök og útlitsgallaðar vörur
með allt að 90% afslætti
fyrstir koma fyrstir fá



Túngusófi verð **149.900** áður ~~251.400~~

Fjarstýringa vasar verð **2.500** áður ~~4.900~~
Hornborð verð **15.970** áður ~~19.900~~
Speglar verð **5.000** áður ~~47.900~~
Heilsukoddar verð **2.900** áður ~~6.000~~
Baststólar verð frá **5.000** áður ~~25.000~~
Púðar verð frá **2.900**

OPNUM
KL.9

Opnum á nýjum stað í júní

Patti
HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is

Minna að fletta
meira að fréttu

visir.is

BESTI FRÉTTA- OG
AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



PATCH ADAMS Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

HEILSA Í tilefni af tíu ára afmæli sínu hefur Hugarafli fengið til landsins hinn heimsfræga lækni, Patch Adams. Á fimmtudaginn mun hann halda fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu um hugsjónir sínar og aðferðir.

Flestir þekkja líklega til Patch Adams vegna kvikmyndar frá árinu 1998 sem byggð var á ævi hans. Robin Williams fór með hlutverk Adams og var myndin meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Adams lærði lækisfræði og var kennurum sínum og skólastjórn erfiður þegar hann reyndi að lífga upp á námið og umönnun sjúklinga með kærleik og húnur að vopni. Hann gekk iðulega með trúðsnef og var með flílalæti sem féllu sjúklingum vel í geð.

„Hugarafli hefur frá upphafi unnið eftir sömu hugmyndafræði og Adams. Við vinnum eftir valdeflingu og batamódeli Daniels Fischers og það byggir á sömu gildum og Patch Adams er að vinna með. Hann hefur því verið okkur ofarlega í huga frá byrjun,“ segir Auður Axelsdóttir, forstöðumaður geðheilsumiðstöðvar innan Heilsugæslunnar og einn af stofnendum Hugarafils. Þegar leið að tíu ára afmæli samtakanna var ákveðið að athuga hvort Adams væri tilkippilegur að koma til landsins. „Ég ákvað að hringja í Adams en hann er sameiginlegur vinur okkar og Roberts Whitaker, rannsóknarblaðamanns sem heimsótti Hugarafli fyrir nokkru. Merkillegt nokk náði ég beint til hans en hann er iðulega umkringdur umboðsmönnum,“ segir Auður glaðlega og Adams var strax tilbúinn að skoða málið. „Hann spurði mig hvaða ár ég væri að hugsa um og ég svaraði eins og sannur Íslendingur; 2013,“ segir Auður og tekur fram að Adams sé mjög upptekinn maður og bókaður mörg ár fram í tímann. „Hann hefur víst ekki verið heila viku heima hjá sér síðustu fjórutíu ár, en hins vegar vildi svo vel til að hann átti lausan dag þann 6. júní.“

Patch Adams fer um allan heim með vinnusmiðjur og fyrirlestra. Hann braut blað í sögunni þegar hann stofnaði „Gesundheit“ sjúkrahúsið/samfélagið í Virginíu í Bandaríkjunum. „Þar geta allir komið og notið lækisþjónustu, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. Allir á staðnum eru jafnir, hvort sem það eru læknar, notendur/sjúklingar, hjúkrunarfólk, kokkar eða ræstingafólk. Framlag allra er jafnt metið,“ upplýsir Auður og bendir á að allt starfsfólk gefi vinnu sína. „Lögd er áhersla á óhefðbundnar lækningar samhliða þeim hefðbundnu og alltaf lagt mikið upp úr kærleik og húnur.“

Auður segir Hugarafli í mörgu nota svipaða nálgun og Adams. „Við notum persónulega nálgun, umhyggju og húnur. Við styðjum fólk á þeirra eigin forsendum og trúum því að hægt sé að ná bata af geðröskun. Við vinnum á jafningjagrunni og náum þannig lengra með fólk. Það treystir okkur betur og þorir frekar að takast á við veikindin og prófa sig áfram,“ segir Auður. Hún telur að Hugarafli hafi einnig tekist að hafa áhrif á geðheilbrigðiskerfið á Íslandi með sömu nálgun. „Við viljum benda á að hægt sé að nota margar mögulegar leiðir til bata aðrar en stofnanir og lyf,“ segir hún og telur að það sem Patch Adams geti kennt okkur sé að manneskjan og ævi hennar skiptir máli, ekki aðeins sjúkrasagan.

Hugarafli stendur fyrir vinnusmiðju með Patch Adams frá 12 til 16 fimmtudaginn 6. júní. Fyrirlestur Adams verður í Þjóðleikhúsinu klukkan 19.30 og er opinn öllum. Miða er hægt að nálgast hjá Þjóðleikhúsinu eða á midji@365.is.

■ solveig@365.is

PATCH ADAMS

Læknir sem telur að húnur, kærleikur og manngæska spili stórt hlutverk í bataferli sjúklinga. Hann heldur vinnusmiðju og fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu á fimmtudaginn.

NORDICPHOTOS/GETTY



AUÐUR

AXELSDÓTTIR Auður er forstöðukona Hugarafils en samtökin fagna tíu ára afmæli í júní.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Reynsluakstur Porsche Panamera
Great Wall ætlar fram úr Jeep
Enn einn nýr frá Audi
Opel slær öllum við í gæðum

BÍLAR

júní 2013



FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is/bilar

KEYPTUR ÓSÉÐUR EFTIR ÚTVARPSAUGGLÝSINGU

Gegndi bæði hlutverki sem bæjarstjórabíll og sem heppilegur „veiðibíll“ fyrir son eigandans

Þessi Mercedes Benz fornbiðll af árgerð 1952 á athyglisverða sögu og var fluttur til landsins árið 1954. Hann var auglýstur til sölu í útvarpinu og umsvifa-laust keyptur af Sigurjóni Sæmundssyni, prentsmiðjustjóra á Siglufirði, óséður. Það er óhætt að segja að vonbrigði kaupenda voru allveruleg er þeir litu gripinn augum í fyrsta sinn. Þá voru verksmiðjurnar farnar að auglýsa nýju 1955 gerðina, sem var með öllu nýtskulegra lagi en þessi bíll og var það í fyrsta skipti eftir stríð sem Mercedes Benz hætti að nota gömlu mótin, sem höfðu mótað útlit bílanna frá því löngu fyrir stríð. Þessi vagn bar mót hefðbundinna farþegavagna Mercedes Benz frá því tuttugu árum áður og var ekki lagaður eftir nýjum hugmyndum síðustu tíma. Það má því

segja að þarna hafi verið keyptur tiltölulega nýr fornbiðll. Það breytti því ekki að bíllinn vann hug og hjörtu eigenda sinna á örskömmum tíma og er nú búinn að vera í eigu sömu fjölskyldunnar í tæp 59 ár.

Benz með sex strokka

Drátt fyrir að vera smíðaður eftir gamla laginu var þetta í fyrsta sinn sem Mercedes Benz verksmiðjurnar komu með bíl með sex strokka vél eftir stríð. Benz 170 gerðirnar, sem áður voru vinsælastar, voru allar með fjögurra strokka vélar. Vélin er 86 hestafli sem gerir öikumanni auðvelt að koma bifreiðinni á ólöglegan hraða.

Gerður upp á Sleitustöðum

Bifreiðin hefur lengst af verið með fjölskyldunni á Siglufirði og er því afar lítið ekin, sem stafar af því að á löngum vetrum var hún geymd

inni og ekki ekið nema fjóra til fimm mánuði á árinu. Þó kom að því að geymslurými fyrir vetrargeymslu var sagt upp og stóð bifreiðin úti alllangan tíma, sem fór ekki sérlega vel með hana, enda var hún þá komin hátt á þrítugsaldur. Því var tekin sú ákvörðun að senda bifreiðina í gagngera endurnýjun til Þorvaldar G. Óskarssonar, verkstæðisformanns að Sleitustöðum í Skagafirði. Þar var hún í meðhöndlun hjá Þorvaldi í nokkur ár.

Einungis ekinn sparibíltúra

Þegar yfirferð Þorvaldar lauk var bifreiðin algjörlega eins og ný, en nú voru tímarnir breyttir. Nú þótti ekki lengur tækt að nota þessa bifreið sem fjölskyldubifreið, því nú var hún greinilega komin á eftirlaun og hefur verið meðhöndluð sem fornbiðll alla tíð síðan. Undanfarnir áratug hefur hún því ein-



Mercedes Benz 220 árgerð 1952 Var einn af síðustu bílum Benz með gamla laginu.

ungis verið tekin út úr bílageymslu þegar sól skín í heiði og allar aðstæður ákjósanlegar til að aka höfðingjanum með virðuleik í umferðinni. Þessi bíll hefur verið hluti af sömu fjölskyldunni í tæp 60 ár en nú er komið að þáttaskilum, því fjölskyldan hefur ákveðið að auglýsa bifreiðina til sölu.

„Veiðibjallan“

Bíllinn gegndi margs konar hlut-

verki. Hann var fyrst og fremst fjölskyldubíll en tveimur árum eftir kaupin gerðist Sigurjón bæjarstjóri á Siglufirði og varð bíllinn þá eins konar þjónustuvagn bæjarstjórans. Um svipað leyti náði sonur Sigurjóns aldri til að taka bílpróf og þar sem Sigurjón var ósínkur að lána bifreiðina þegar hann þurfti ekki að nota hana sjálfur þá var hún alla jafna á ferðinni með soninn og vini hans á kvöldin en þjónustuvagn bæjarstjórans á daginn. Vinahópurinn notaði bifreiðina á kvöldin sem tálbeitu fyrir fegurstu fljóð bæjarins að þeirra mati, og kvað svo rammt að því að bifreiðin fékk snemma á sig viðurnefnið „veiðibjallan“. Bæjarstjórnin botnaði hins vegar ekkert í því hvað menn brostu kankvíslega til hans þegar hann stýrði bifreið sinni af hinum mesta virðuleik til hinna ýmsu áfangastaða í bæjarlandinu á daginn.



Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á www.stod2.is/vild

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Splass
Engin venjuleg bílþvottastöð!
40%
afsláttur af
bílþvotti að utan

Skemmtigarðucinn
SMÁRALIND
25%
afsláttur
alla sunnudaga

THE SUSHI
BY PERSA
12%
afsláttur ef verslað
er fyrir 2.000 kr. eða meira



Skiptar skoðanir hafa ávallt verið um ytra útlit Panamera en innanrímið er óumdeilanlega fagurt.



Hér fer afar vel um alla og sætin fjögur eru öll eins og ekkert gert upp á milli.

LÚXUS, FEGURÐ OG GÆÐI

Þessi stóri og myndarlegi bíll fer eins vel með ökumann og farþega og framast er unnt.

PORCHE PANAMERA 4

3,6L BENSÍNVEL, 300 HESTÖFL
Fjór hjóladríf
Eyðsla: 9,6 l./100 km í blönduð-um akstri

Mengun: 225 g/km CO₂
Hröðun: 5,9 sek.
Hámarks hraði: 257 km/klst.
Verð: 17.700.000 kr.
Umboð: Bílabúð Benna

↓
• Útsýni úr aftursæti
• Verð

↑
• Aksturseiginleikar
• Stærð
• Innrétting

PORCHE PANAMERA

Finnur Thorlacius reynsluekur

Það er vart hægt að bjóða bílblaðamanni mikið meiri skemmtun en að fá lánaðan Porsche-bíl og aka honum um hraðbrautir og sveitavegi Þýskalands í nokkra daga. Porsche Panamera 4 var sóttur í höfuðstöðvar Porsche í Stuttgart og stefnan tekin á Heidelberg, einn fegursta bæ Þýskalands. Porsche Panamera er fjögurra dyra og fjögurra manna sportbíl sem fyrst kom á markað árið 2009 og var það mjög umdeilt skref Porsche að sumra mati þar sem sportbílar eru almennt ekki fjögurra dyra og hvað þá með alvöru aftursæti. Sala bílsins og móttökur hafa hins vegar sannfært efasemdarmenn um að þetta skref Porsche var rökrétt og svaraði eftirspurn margra sem vildu einmitt eignast lúxusbíl með sportbílaeiginleika sem flutt gæti alla fjölskylduna. Þessi vél vinnur frábærlega og virkilega er gaman að láta hana hafa fyrir hlutunum. Hraðaaukningin á hrað-

brautunum þar sem enginn er hámarkshraðinn er sérstök reynsla út af fyrir sig og dónalegar tölur sjást brátt á hraðamælningum.

Helmingur seldra með þessari V6 vél

Þó að ofuröflugir átta strokka Panamera freisti margra er staðreyndin sú að helmingurinn af þeim Panamera-bílum sem rúlla af færriböndunum er með þessari V6 vél, enda skilar hún nægu afli fyrir flesta ökumenn en er miklu sparneytari. Að auki léttist nef bílsins um 30 kíló og það skilar sér í góðum aksturseiginleikum og nákvæmri og létttri stýringu. Þyngdardreifingin á öxla Panamera 4 er 52% að aftan og 48% að framan, þ.e. svo til jöfn þyngd sem ávallt flokkast sem markmið við smíði sportbíla. Flestar V6-vélar sem boðnar eru í bílum í dag skila 240-270 hestöflum og því er það eftirtektarvert hversu miklu afli sex strokka vélin í þessum bíl skilar. Hún hendir þessum 1.730 kílóa stóra bíl í hundraðið á 5,9 sekúndum og hámarkshraðinn er 257 km/klst. Það var ekki sannreynt að þessu sinni enda stundum óvinsælt meðal annarra farþega bílsins.

Umdeilt ytra útlit – óumdeild fegurð innréttingar

Sumir hafa haft horn í síðu ytra útlits Panamera en greinarskrifara hefur ávallt fundist bíllinn fallegur og ekki verður deilt um þann tignarleika sem mikilli lengd og breidd hans fylgir. Það er hins vegar ekki deilt um fegurð bílsins að innan. Ökumaður fær eins konar jákvætt sjökk að stíga inn í bílinn og tekur andköf yfir fegurð innréttingarinnar, sem fáir bílaframleiðendur leika eftir. Stíllinn er fagaður, efnisnotkunin í hæstu hæðum og frágangur alls nálægt fullkomnum. Mikið takkaflóð er á miðjustokknum milli framsætanna, enda um mjög fullkominn bíl að ræða. Öll sæti bílsins eru eins og miðjustokkur einnig milli farþega í aftursæti. Því eru aftursætin jafn góður staður að vera á og framsætin, nema fyrir þá staðreynd að útsýni úr þeim er mun verra og var undan því kvartað á leið um fallegar sveitir Þýskalands. Fóta- og höfuðrými þar er hins vegar eins og sæmir góðum limmósínum. Skott-rými í Porsche-bílum hefur hingað til ekki talist einn af stórum kostum þeirra, en það á ekki við um þennan bíl. Hann gleypsti léttilega þrjár töskur og því heppilegur til lengri ferða. Ólíkt mörgum

Rauður Rúbín fyrir þá sem elska gott kaffi!

Rúbín kaffi

Vilko
Nýbakaðar pönnukökur og vöflur frá Vilko eru ómissandi með góðum kaffibolla.

-einfaldara getur það ekki verið!



Panamera á heimavelli í Þýskalandi, í hinum mægifagra hirschhorn við ána Neckar.



Hjálpartækjasýning

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ 2013



Rannveig Bjarnadóttir forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar ásamt Andra Valgeirssyni tækniráðgjafa, Guðnýju Bachmann og Sigurbjörgu Daniélsdóttur ráðgjöfum.

Stórbætt aðgengi að upplýsingum

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Af því tilefni verður haldin hjálpartækjasýning þar sem innflutningsaðilar hjálpartækja sýna nýjungar fyrir hreyfihamlaða. Sýningin er liður í þeirri upplýsingagjöf sem Þekkingarmiðstöðin kappkostar að veita.

Hlutverk Þekkingarmiðstöðvarinnar er að skapa greiðan aðgang að upplýsingum sem safnað hefur verið saman á einn stað og nýttast hreyfihömluðu fólki á einn eða annan hátt, hvort sem hreyfihömlunin er tímabundin eða varanleg. Þeir sem leita til miðstöðvarinnar eru fatlað fólk, aðstandendur þeirra, fagfólk, stofnanir og fyrirtæki sem þurfa upplýsingar, fræðslu eða vilja fara á námskeið.

„Með opnun miðstöðvarinnar var stigið stórt skref í að auka aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum,“ segir forstöðumaðurinn Rannveig Bjarnadóttir.

ÞAKKLÁTT STARF

Viðbrögð þeirra sem hafa leitað til Þekkingarmiðstöðvarinnar benda til þess að þar sé unnið mikilvægt starf: „Sjaldan eða aldrei hef ég fengið jafn greinargóð svör vegna fyrirspurnar af sambærilegum toga.“ „Kærar þakkir fyrir þetta, þú hefur greinilega lagst í mikla rannsóknarvinnu fyrir þetta,“ segir annar.

ÖFLUG HEIMASÍÐA

Leitað er til miðstöðvarinnar af ýmsum ástæðum en helstu fyrirspurnir eru um réttindi, fræðslu, aðgengi, tómstundir og velferð. Þjónustan er gjaldfrjál og er námskeiðsgjöldum haldið í lágmarki. Miðstöðin er opin alla virka daga milli 10 og 16 en auk þess er mikið kapp lagt á góða og gagnvirka heimasíðu, www.thekkingarmidstod.is. Þar má finna hagnýtar upplýsingar um flestallt sem gagnast fötluðu fólki. Má þar nefna upplýsingar um aðgengismál, þjónustu sveitarfélaga, hjálpartæki og næstu námskeið. Á heimasíðunni er fólk sömuleiðis hvatt til að segja frá reynslu sinni til dæmis af aðgengi á ferðalögum innanlands sem utan og deila henni þannig með öðru hreyfihömluðu fólki. „Við hvetjum notendur líka eindregið til að nota netspjallið á heimasíðunni en þar situr ávallt einhver fyrir svörum. Eins er hægt að vera í sambandi í gegnum Facebook og Twitter og í síma 5500118,“ segir Rannveig og tekur fram að hvorki þarf að gefa upp kennitölu né segja til nafns.

HJÁLPARTÆKJASÝNING

Í tilefni árs afmælis Þekkingarmiðstöðvarinnar verður sem fyrr segir haldin hjálpartækjasýning þar sem innflutningsaðilar hjálpartækja sýna nýjungar. „Allir geta haft gagn og gaman af sýningunni því flestir þurfa á hjálpartækjum eða sérlausnum að halda einhvern tímann á ævinni.“ segir Rannveig.

Á sýningunni, sem haldin verður í íþróttahúsinu í Hátúni dagana 7.-8. júní, gefst fólki kostur á að kynna sér á einum stað ýmsar tækninýjungar og hagnýtar lausnir sem henta hreyfihömluðu fólki. „Sýningin er vettvangur þar sem hægt er að sjá hvaða hjálpartæki eru til og jafnvel verður hægt að prófa þau. Greiður aðgangur verður að innflutningsaðilum og hægt er að fá ítarlegar upplýsingar um hvert tæki fyrir sig. Þeir sem sækja sýninguna ættu að verða meðvitaðri um þær leiðir sem hægt er að fara og hvert á að leita upplýsinga. Þeir ættu því að hafa betri forsendur til að velja og hafna þeim möguleikum sem í boði eru.“

„Sjaldan eða aldrei hef ég fengið jafn greinargóð svör vegna fyrirspurnar af sambærilegum toga“

www.thekkingarmidstod.is
Mikið magn upplýsinga sem varða daglegt líf fatlaðs fólks.

- Opið 10-16
- Hátúni 12
- Allar upplýsingar á einum stað
- Styrkjum fatlað fólk til sjálfstæðs lífs
- Bjóðum upp á námskeið og fræðslu
- Miðlum upplýsingum á jafningja-grundvelli
- Erum hlutlaus upplýsingaveita

Léttasti hjólastóll í heimi

Verslunin Eirberg selur vörur sem eiga það sameiginlegt að bæta heilsu og auka lífsgæði fólks. Þar á meðal eru alls kyns hjálpartæki. Á hjálpartækjasýningunni sem Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar stendur fyrir um næstu helgi mun starfsfólk verslunarinnar kynna fjölmörg hjálpartæki, þar á meðal léttasta hjólastól í heimi.

Panthera X, sem fæst hjá Eirbergi, er léttasti hjólastóll í heimi. Hann er gerður úr koltrefjum og vegur einungis 4,4 kíló. Ramminn er 2,1 kíló að þyngd og flestir geta lyft honum með annarri hendi. „Stóllinn er aðallega hugsaður fyrir mjög virka notendur sem vilja vera mikið á ferðinni og er til að mynda sérstaklega auðvelt að kippa honum með í bíl,“ segir Jóhanna Ingólfssdóttir, iðjubjálfi hjá Eirbergi.

Mænuskadaðir einstaklingar hafa að sögn Jóhönnu mest not fyrir stóllinn. „Hjá þeim koma hjólastólar í stað fóta og þá er mikilvægt að þeir séu fallegir og hönnunin góð. Setstaðan þarf sömuleiðis að vera góð og jafnvægispunkturinn í lagi.“ Jóhanna tekur þó fram að notendur þurfi að vera nokkuð vanir því að aka hjólastól. „Stóllinn er ekki með veltivörn og því ekki ákjósanlegur fyrsti stóll.“

Pantera er sænskur framleið-

andi en Svíar eru mjög framfarlega í þróun og framleiðslu á hjólastólum. „Eirberg hefur lengi selt Pantera-hjólastóla og eru margir hverjir afar léttir og fyrirferðarlitlir þótt Pantera X sé langtum léttastur,“ segir Jóhanna.

Á sýningunni verða einnig til sýnis hjálparmótorar á hjólastóla sem eru hugsaðir fyrir fólk með skerta hreyfigetu í höndum. „Með hjálp þeirra þarf lítið aukáttak til að drífa stólana áfram en það er líka hægt að stilla það eftir þörfum. Þannig geta þeir sem hafa lítinn kraft í höndum rúllað sér áfram af sjálfsdáðum og þurfa ekki að vera háðir því að aðrir keyri,“ segir Jóhanna. Af öðrum nýjungum má nefna aukahjól framán á hjólastóla sem auðveldar fólki að aka um í náttúrunni. „Þá lyftast framhjólín upp sem gerir notendum auðveldara að aka á grasi eða möl.“

Á sýningunni verður Eirberg með úrval af hjálpartækjum,

meðal annars göngugrindur, rafskutlu, stigalyftu og alls kyns bað- og salernishjálpartæki. „Þá verðum við með til sölu ýmiss konar smátæki sem gagnast í eldhúsi og við ýmsar tómsundir. Þau eru meðal annars hugsuð fyrir giftveika, aldraða og þá sem hafa lítinn kraft í höndum. Má þar nefna griptangir, eldhúsahöld, sokkaífarur og annað sem hjálpar til við athafnir daglegs lífs,“ segir sjúkrábjálfi Karen Bjarnhéðinsdóttir.

Eirberg er til húsa að Stórhöfða 25 og er verslunin opin alla virka daga frá 9 til 18. Þar er lögð rík áhersla á faglega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þar starfa iðjubjálfi, sjúkrábjálfi, hjúkrunarfræðingar og þroskabjálfar sem aðstoða við val á viðeigandi hjálpartækjum.

Í vefversluninni eirberg.is er að finna yfirlit yfir alla vöruflokkana. Þar er bæði hægt að glöggva sig á vöruúrvalinu og leggja inn pantanir.



Hjá Eirbergi starfar fagfólk sem aðstoðar við val á tækjum. Frá vinstri: Elfa Gylfadóttir þroskabjálfi, Karen Bjarnhéðinsdóttir sjúkrábjálfi og Jóhanna Ingólfssdóttir iðjubjálfi. Panthera X er, eins og sjá má, ekki sérlega fyrirferðarmikill. MYND/GVA

Fastus veitir vandaðar lausnir

Fagþekking, reynsla og persónuleg þjónusta eru aðalmerki **Fastus** og tryggja viðskiptavinum vandaða og faglega þjónustu.

Meðan á sýningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar stendur verða iðjubjálfi og sjúkrábjálfi frá Fastus til ráðgjafar varðandi vörur og þjónustu fyrirtækisins. Á sýningunni verður fjölbreytt úrval af hjálpartækjum, eins og vinnustólar, bað- og salernishjálpartæki, hjólastólar, rafskutlur og göngugrindur. Einnig smáhjálpartæki, æfingateki, stuðningshlífar og spelkur. Fólk mun gefast kostur á að prófa hin ýmsu hjálpartæki og endurhæfingarvörur,“ segir Svava Guðmundsdóttir, iðjubjálfi hjá Fastus.

„Við vonumst til að sjá sem flesta og geta kynnt þeim hvað Fastus hefur að bjóða í þessum málaflokki. Markmið okkar er að miðla þekkingu til þeirra sem hafa þörf fyrir hjálpartæki og aðstandenda þeirra en einnig til fagfólks. Við viljum sýna hvernig við getum liðsinn einstaklingum sem leita lausna sem auka virkni þeirra og sjálfsstæði í daglegu lífi.“

PERSÓNULEGAR LAUSNIR SEM VIRKA

Fastus var stofnað 2006 og hjá fyrirtækinu starfa nú 28 manns.

„Fastus samanstendur af fyrirtækjastöðum, sem sinnir þjónustu við stór eldhús, veitingahús og matvælfyrirtæki, og heilbrigðisæfingastöðum, sem sinnir þjónustu við spítala, hjúkrunarheimili, Sjúkratryggingar Íslands, endurhæfingardeildir, rannsóknarstofur og aðrar stofnanir innan heilbrigðisgeirans,“ útskýrir Svava um starfsemi Fastus.

Hún segir Fastus bjóða heildstæða þjónustu fyrir heilbrigðisgeirann og að þar starfi öflug liðsheild með mikla þekkingu.

„Þar starfa til að mynda iðjubjálfi, sjúkrábjálfi, hjúkrunarfræðingur og líffræðingur sem leggja metnað í persónulega og faglega þjónustu og vandaðar lausnir



Hjá Fastus mætir viðskiptavinum alúðleg og fagleg þjónusta. Frá vinstri er Sandra Hjálmarsdóttir hjúkrunarfræðingur, þá Herdis Þórisdóttir sjúkrábjálfi, Svava Guðmundsdóttir iðjubjálfi og Gunnhildur Gunnlaugsdóttir þjónustufulltrúi. MYND/GVA

sem virka,“ segir Svava um heilbrigðisvið Fastus, sem er víðfeðmt.

„Við bjóðum fjölbreytt úrval lækninga- og hjúkrunarvara, eins og ýmis skoðunartæki, hjartastuðtæki, svæfingarár, skurðstofuhanska og næringu, ásamt aðgerða- og aðhaldsfatnaði,“ upplýsir Svava.

Fastus er stærsti birgji búnaðar fyrir

Landspítalann – háskólasjúkrahús.

„Við rekum afar öflugt rannsóknarsvið, þar sem Blóðbankinn er stærstur viðskiptavina. Þar seljum við meðal annars efnavörur, kæliskápa, vogir og hvers kyns rekstrarvörur. Einnig erum við með öfluga tækniþjónustu og leggjum mikla áherslu á öfluga tækni-, viðgerða- og varahlutþjón-

ustu þar sem sérþjálfaðir starfsmenn annast viðhald á lækninga- og endurhæfingartækjum, rannsóknartækjum og tækjabúnaði stóreldhúsa.“

RÁÐGJÖF UM VAL Á HJÁLPARTÆKJUM

Innan heilbrigðisæfingastöðvar Fastus fæst yfirgrípsmikið úrval hjálpartækja fyrir alla aldurshópa.

„Við leggjum mikinn metnað í að finna lausnir sem virka fyrir börn og fullorðna sem þurfa á hjálpartækjum að halda. Við vinnum náið með Sjúkratryggingum Íslands og Fastus hefur flestöll hjálpartæki í samning við þá. Einnig erum við með öldrunarsvið þar sem hægt er að fá ráðgjöf um val á sjúkra- eða hjúkrunarrúmum, heilsudýnum, loftdýnum, rafknúnum baðkörum, baðstólum og fólksflutningstækjum,“ upplýsir Svava og er þá ótalið endurhæfing- og sjúkrábjálfunar svið þar sem finna má gott úrval tækja til sjúkrábjálfunar, auk ýmissar rekstrarvöru. Þar má nefna úrval af stuðningshlífum og spelkum, sem er ný þjónusta og fer hratt vaxandi.

„Við höfum góða aðstöðu til að taka vel á móti viðskiptavinum og veitum góða og faglega ráðgjöf um val á vörum og hjálpartækjum,“ segir Svava. „Í Fastus er rúmgóður sýningarsalur þar sem skoða má hjálpartæki sem eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands og vörur innan öldrunar og endurhæfingar. Flestum kemur á óvart hversu ríkulegt úrval hjálpartækja er til. Við leggjum áherslu á að fólk geti alltaf leitað til okkar og fundið lausn sem þeim hentar. Það er á okkar ábyrgð að upplýsa fólk um þær vörur og þjónustu sem við getum veitt. Því gerum við mikið af því að fara út á meðal fólks og vera með kynningar og fræðslu um land allt. Við hlökkum því til að sjá sem flesta 7. og 8. júní.“



Elías Gunnarsson framkvæmdastjóri, Kristina Andersson stoðtækjasmíður og Gíslný Bára Þórðardóttir þroskaþjálfari.

MYND/ANTON



Borgþór Sveinsson með Permobil-rafmagnshjólástól sem er útistóll sem kemst víða.

MYND/ANTON

Þjónusta og stuðningur síðan 1982

Fyrirtækið **Stoð** skilgreinir sig sem þjónustufyrirtæki og býður upp á fjölbreyttar vörur og þjónustu handa flestum sem þurfa á stoð- og hjálpartækjum að halda. Stoð tekur þátt í hjálpartækjasýningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar. Forsvarsmenn segja hana frábært tækifæri til að kynna nýjungar.

Stoð er rótgróid þjónustufyrirtæki sem sinnir einstaklingum sem vegna fötlunar, veikinda eða meiðsla þurfa á stuðningi að halda. Þannig þjónustar Stoð einstaklinginn að beiðni hans og fagaðila í þverfaglegri samvinnu, segir Elías Gunnarsson, framkvæmdastjóri Stoðar. „Við mælum ávallt með þeirri lausn sem best hentar hverjum og einum. Markmið okkar er að vera besta þjónustufyrirtækið á okkar sviði.“

Fyrirtækið var stofnað árið 1982. Starfsemin var smá í sniðum í upphafi og störfuðu einungis tveir stoðtækjafræðingar, einn starfsmaður á verkstæði og mótökuritari hjá fyrirtækinu. Stoð fór hægt stækkandi að umfangi og í dag starfa 26 manns hjá fyrirtækinu. Þar af eru sex stoðtækjafræðingar, einn sjúkraskósmíður og tveir skósmíðir. Auk þeirra starfa hjá Stoð stoðtækjasmíðir, þroskaþjálfari, íþróttufræðingur og fleira

gott fólk. Árin 2004-2005 var núverandi húsnæði að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði endurgert og er nú mjög góð aðstaða þar til móttöku og gott aðgengi fyrir alla.

ÞJÓNUM BREIÐUM HÓPI

Elías segir starfsemi fyrirtækisins upphaflega hafa verið stoðtæki, það er spelkur, gervilimi, innlegg og skó. Stoðtækin eru enn kjarnastarfsemi Stoðar. „Á árunum 2000-2002 varð sú breyting að

við fórum að skilgreina okkur sem þjónustufyrirtæki og bættum við hjálpartækjagæild. Markmiðið var að geta boðið vörur og þjónustu sem gæti hjálpað sem flestum sem þyrftu á stoð- og hjálpartækjum af einhverju tagi að halda. Þá komu inn hjólástólar, rúm, göngugrindur og ýmis önnur hjálpartæki.“

Sýningin hjá Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar dagana 7.-8. júní er að sögn Elíasar frábært tækifæri til að kynna nýjustu hjálpartækin

bæði fyrir notendum og fagfólki.

Stoð er einnig með ýmsar mjúkvörur eins og gervibrjóst og tengdar vörur, hárkollur og höfuðföt. Einnig er Stoð með fjölbreyttar lausnir í þrýstingsumbúðum, allt frá þrýstingssokkum fyrir þreytta fætur upp í sérsaumaðar umbúðir fyrir öflugri þrýstingsmeðferð.

Nánari upplýsingar um vörur og þjónustu fyrirtækisins má finna á www.stod.is.



Guðrún Dadda Ásmundsdóttir, iðjupjálfi hjá Öryggismiðstöðinni, vonast til að hjálpartækjasýning þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar muni opna augu fólks fyrir nýjum möguleikum.

Fjölbreytt úrval lausna, smáhjálpartæki og tölvur með augnstjórnun

Á hjálpartækjasýningunni sem Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar stendur fyrir næstu helgi mun **Öryggismiðstöðin** sýna hjálpartæki til að einfalda daglegt líf hins almenna notanda.

Guðrún Dadda Ásmundsdóttir, iðjupjálfi hjá Öryggismiðstöðinni, segir sýninguna einkum hugsaða fyrir þá sem búa heima og þurfa einhvers konar aðstoð og stuðning. „Við sýnum búnað sem hentar einna helst notendum í heimahúsum, enda eru það þeir sem munu koma og sjá sýninguna. Megináherslu leggjum við á hluti eins og augnstýrðar tölvur, breytingar á bílum, rafskutlur og rafmagnshjólástóla. Það er langt síðan síðast var boðið upp á svona sýningu fyrir notendur stuðnings- og hjálpartækja þannig að ég vona að þessu verði vel tekið og sem flestir mæti.“

FLÓKIN TÆKI TIL AÐ EINFALDA LÍFIÐ

Hjálpartækin eru af ýmsum toga, bæði svokölluð smáhjálpartæki og flóknar tölvur sem stýrt er með augunum. „Á sýningunni verður fulltrúi frá Tobii, sem er leiðandi fyrirtæki í heiminum í tjáskiptatækni. Tobii er fyrirtæki sem framleiðir hugbúnað

sem auðveldar tjáskipti, til dæmis fyrir fólk sem hefur ekki rödd eða hefur skerta hreyfingu,“ segir Guðrún. Tölvurnar þjóna raunar breiðum notendahópi, en þær eru allt frá því að vera hjálpartæki til að styðja við málþroska barna með þroskahömlun yfir í að vera augnstýrðar tölvur til að einfalda daglegt líf einstaklinga með hreyfihömlun. „Til dæmis geta tölvurnar komið sér vel fyrir MS-sjúklinga sem hafa misst röddina og handa-hreyfingar og geta aðeins notað augnhreyfingar til að tjá sig,“ útskýrir Guðrún. Þá er hægt að tengja tölvurnar við svokallaðan umhverfisstjórnunarbúnað, sem gerir notendum kleift að svara í símann, kveikja á útvarpinu, önnur útidyrnar fyrir gestum og fleira. Þannig má auka sjálfstæði þessa notenda til muna.

KYNNA NÝJA MÖGULEIKA

Auk flókinna tölvu verða hin ýmsu smáhjálpartæki til sýnis. „Til eru ýmiss konar hjálpar-

„Við sýnum búnað sem hentar einna helst notendum í heimahúsum.“

tæki sem almenningur hefur ekki hugmynd um en gætu hæglega orðið þeim að liði í hinu daglega lífi. Til dæmis má nefna sérsniðin skæri fyrir gigtarsjúklinga sem glíma við kraftleysi í höndum,“ segir Guðrún og vonar að sýningin opni augu fólks fyrir möguleikum sem það hafði ekki séð fyrir.

Hjálpartækjasýningin verður föstudaginn 7. júní og laugardaginn 8. júní næstkomandi í íþróttahúsinu Hátúni 14, opin 10-17 báða dagana. Í tjaldi fyrir utan íþróttahúsið verða til sýnis breyttir bílar, sniðnir að þörfum fólks með fatlanir. Auk þess verður Öryggismiðstöðin með hjólástóla og rafskutlur sem fólki býðst að prófa.



Sérfræðingar Össurar hf. leita stöðugt nýrra leiða í þróun stuðningstækja fyrir þá sem misst hafa útlím.

MYND/ÖSSUR HF



„Við teljum að heilbrigður lífsstíll og hreyfing geti dregið úr slitsjúkdómum og breytt meðferð,“ segir Þorvaldur.

MYND/ÖSSUR HF

Leitum stöðugt nýrra leiða

Össur hf. er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í hönnun og framleiðslu stoð- og stuðningstækja. Fyrirtækið tekur þátt í hjalpartækjasýningu þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar og sýnir þar brot af vörum og framleiðslu fyrirtækisins. Sérfræðingur veitir upplýsingar á staðnum.

Víð teljum að heilbrigður lífsstíll og hreyfing geti dregið úr slitsjúkdómum og breytt meðferð. Stuðningstæki okkar, gervilímur og spelkur stuðla að því að auðvelda okkar viðskiptavinum það,“ útskýrir dr. Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarviðs Össurar hf., en fyrirtækið sýnir stoðtæki á hjalpartækjasýningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar, sem fram fer dagana 7.-8. júní.

Þorvaldur segir Össur hf. stöðugt leita nýrra leiða í þróun stoð-

tækja fyrir þá sem misst hafa útlím sem og stuðningsvörur fyrir þá sem þurfa vegna slitinna liðbanda, beinbrota eða slitgigtar. Fyrirtækið sé leiðandi á heimsvísu.

„Meginlausnir okkar snúa að aflimuðum og þar eigum við allar tæknilausnir sem henta þörfum hvers og eins. Hjá Össuri starfa margir sérfræðingar við þróun og tæknilausnir og nýtum við þá þekkingu sem við höfum aflað á sviði stoðtækja til að vinna að betri lausnum varðandi slitgigt og slitin liðbönd.“

„Á hjalpartækjasýningunni munum við sýna brot af okkar vörum, gervifætur, gervihné og spelkur sem styðja við brot, spelkur sem dreifa álaginu á slitnum liðum og fleiri vörur. Sem dæmi má einnig nefna eina nýjung, stígvél eða loftspelku, sem hægt er að nota í staðinn fyrir gifs.“

Sérfræðingur Össurar verður á staðnum og veitir allar upplýsingar um fyrirtækið og útskýrir virkni varanna, fólk getur skoðað vörurnar og jafnvel prófað einhverjar þeirra.“



Þorvaldur Ingvarsson, læknir og framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarviðs Össurar hf.

MYND/ANTON

Happdrætti Sjálfsbjargar 2013

– þinn stuðningur skiptir máli!

Með kaupum á **happdrættismiða Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra** tekur þú þátt í að efla Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Happdrættið er megintekjulind samtakanna og gott gengi þess er forsenda fyrir því að Sjálfsbjörg geti haldið úti öflugri baráttu og stutt við uppbyggingu mikilvægra verkefna.

Með dyggum stuðningi almennings hefur Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra oft verið frumkvöðull að uppbyggingu nýrrar þjónustu fyrir hreyfihamað fólk í landinu. Má þar nefna stofnun Hjalpartækjabankans í samstarfi við Rauða krossinn á Íslandi. Samtökin settu ferðaþjónustu fatlaðra á laggirnar í samstarfi við Reykjavíkurborg. Stærsta verkefnið og það sem enn er í gangi á vegum Sjálfsbjargar er starfsemi í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12 Reykjavík. Þar er hýst margvísleg starfsemi. Má þar helst nefna búsetuúrræði fyrir fatlaða fólk, þjónustumiðstöð, sundlaug, endurhæfingaríbúð og Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar sem er nýjasta verkefnið, en ár er nú síðan að miðstöðin opnaði. Verkefnið er samstarfsverkefni Sjálfsbjargar og velferðarráðuneytisins.

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar safnar og miðlar hagnýtum upplýsingum sem gagnast fótluðu fólki um allt land. Sjálfsbjörg er mikið í mun að festa Þekkingarmiðstöðina í sessi enda hefur á þeim mánuðum sem liðnir eru frá opnun komið í ljós hversu mikilvæg miðstöðin er. Í tilefni af ársafmælinu mun Þekkingarmiðstöðin standa fyrir sýningu á hjalpartækjum fyrir fatlaða. Sýningin verður haldin föstudaginn 7. júní og laugardaginn 8. júní næstkomandi í íþróttahúsi Íþróttafélags fatlaðra að Hátúni 14 Reykjavík. Frítt er inn á sýninguna og eru gestir og gangandi velkomnir.

Á hjalpartækjasýningunni sýna innflutningsaðilar á hjalpartækjum tækninýjungar og lausnir sem henta sérstaklega hreyfihömluðu fólki. Allur almenningur getur þó haft gagn og gaman af sýningunni.

Með kaupum á happdrættismiða Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra tekur þú þátt í að efla Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Happdrættið er megintekjulind samtakanna og gott gengi þess er forsenda fyrir því að Sjálfsbjörg geti haldið úti öflugri baráttu og stutt við uppbyggingu mikilvægra verkefna.

GÓÐIR VINNINGAR ERU Í BOÐI

Fyrsti vinningur er Chevrolet-bifreið að verðmæti um 3 milljónir króna. Aðrir vinningar eru iPhone 5 farsímar, bensínúttektir og gjafakort. Dregið verður í happdrættinu 24. júní 2013.

Þinn stuðningur skiptir Sjálfsbjörg miklu máli.



Andri Valgeirsson, starfsmaður Sjálfsbjargar, með happdrættismiða samtakanna.

MYND/ANTON

● SJÁLFSBJARGARHEIMILIÐ – FYRIRMYNDARSTOFNUN

Sjálfsbjargarheimilið er í eigu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og hefur verið rekið í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12 í Reykjavík frá árinu 1973. Helstu þættir starfseminnar eru búseta, þjónustumiðstöð, endurhæfingaríbúð, sundlaug og þekkingarmiðstöð. Starfsmenn eru tæplega 100 í um 60 stöðugildum. SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu hefur allt frá árinu 2006 staðið að könnun meðal félagsmanna sinna undir yfirskriftinni Stofnun ársins. Tilgangur könnunarinnar er að gera stjórnendum kleift að vinna markvisst að úrbótum þar sem þeirra er þörf og veita stjórnendum aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk.

Sjálfsbjargarheimilið hefur verið með frá upphafi og ætíð hefur öllum starfsmönnum verið boðið að taka þátt. Árin 2006, 2008, 2009 og nú síðast í ár, 2013, tók heimilið á móti viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun. Þessar viðurkenningar gefa stjórn og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins byr í seglin.





fram- og aftursætisfarþega



Leiðsögukerfið í Panamera er eitt það albesta sem um getur

öðrum stórum lúxusbílum situr ökumaður mjög neðarlega í Panamera og er það til vitnis um að Panamera er sportbíl eins og flestir aðrir Porsche-bílar.

Villidýr en líka einstök fágún

Akstur Panamera 4 reyndist í alla staði gleðilegur, sportlegur en samt þægilegur. Panamera fer vel með far-

þega og loftþúðafjöðrun bílsins er alveg frábær. Hann líður um göturnar eins og sannkallað töfrateppi, en svo má breyta honum í villidýr, virkja öll hestöflin og finna hversu hæfur hann er til hressilegs akstur. Að búa að báðum þessum kostum, þægindunum og sportlegum eiginleikum, er einstakt í bíl. Panamera 4

er ekki eins góður akstursbíl og 911, Boxter eða Cayman en hvernig mætti það vera fyrir svo stóran bíl sem gerður er fyrir fleiri farþega en hinir hreinræktuðu sportbílar. Hann er hins vegar frábær fjölskyldubíl fyrir kröfuharða og með hækkanlegri loftþúðafjöðruninni er hann einnig heppilegur hérlendis.



Great Wall ætlar fram úr Jeep

Kínverski bílaframleiðandinn Great Wall hefur ekki hógvær áformin en menn þar á bæ ætla innan þriggja til fjögurra ára að fara fram úr bandaríska framleiðandanum Jeep í framleiðslumagni jeppa. Þau áform er brött í ljósi þess að Jeep framleiddi 701.626 jeppa á síðasta ári en Great Wall 279.956. Það þýðir samt að kínverski framleiðandinn er að ná Land Rover í fjölda seldra jeppa en Land Rover seldi 316.000 slíka í fyrra. Söluaukningin í jeppum er gríðarleg milli ára hjá Great Wall, eða 90% í fyrra. Great Wall ætlar að fjölga verkfræðingum um 40% á næstunni og verða þeir þá orðnir fleiri en 10.000 talsins. Forstjóri Great Wall, Wei Jianjun, er fimmti ríkasti maður Kína og hlutabréf í Great Wall hafa hækkað um 53% frá áramótum. Kemur sú hækkan ofan á tvöföldun á verði þeirra á síðasta ári.

Salan ekki einvörðungu í Kína

Sala á bílum Great Wall er ekki bara í heimalandinu því Rússland er stór markaður fyrir bíla þeirra og söluaukning Great Wall-bíla er mest í Írak. Útflutningur hefur einnig verið til Ástralíu og Evrópu, helst þá Ítalíu. Great Wall er eini kínverski bílaframleiðandinn sem hefur leyfi til að selja bíla í Evrópu. Great Wall er stærsti jeppaframleiðandi í Kína og hefur verið það frá árinu 2010. Fyrirtækið er þó ekki nema í áttunda sæti þegar kemur að framleiðslu allra gerða af bílum, en hún nam 676.000 alls í fyrra. Af þeim seldust 96.500 utan heimalandsins.

AVIS Langtímaleiga

Langtímaleiga
– langsniðugust!

Frá 49.900 kr. á mánuði!

AVIS
Við gerum betur.

591-4000 | www.avis.is

Enn einn nýr frá Audi

Það telst vart til tíðinda að Audi hugi að nýrri gerð bíls en á undanförunum árum hefur þeim fjölgað mjög og á næstu árum mun sú þróun halda hressilega áfram. Síðustu fréttir eru af svokölluðum MPV-bíl (multi purpose vehicle) sem byggður yrði á grunni A3-bílsins en væri með tuttugu sentímetra lengra bil milli öxla. Bílar af þessari gerð hafa oft verið kallaðir strumpaþrætóar því þeir þykja henta vel barnmörgum fjölskyldum. Þessum bíl yrði

ætlað að keppa við Mercedes Benz B-Class og BMW Concept Active Tourer. Audi er ekkert að drolla við framleiðslu þessa bíls en hann á að verða í boði strax á næsta ári. Er það að vonum þar sem bíllinn verður að mestu byggður á A3-bílum og þróunarvinna því lítil við framleiðslu hans.

Nýji bíllinn yrði byggður á Audi A3.



Opel Astra

Opel slær öllum við í gæðum

Það er vart hægt að gera þá kröfu að eftir 104.800 kílómetra akstur bíls hafi aldrei neitt bilað í honum. Það var engu að síður staðreyndin með Opel Astra Sports Tourer CDTI. Bílblaðið Auto Motor und Sport í Þýskalandi gerði þá tilraun að aka nokkrum bílum yfir 100.000 kílómetra á tveimur árum í því augnamiði að sjá hver þeirra bílaði minnst. Blaðamönnum þar datt ekki í hug að nákvæmlega ekki neitt myndi bila í einum þeirra, þ.e. Opel Astra. Astran skaut bílum eins og Volkswagen Golf, Mercedes Benz A-Class og Toyota Prius ref fyrir rass í þessari tilraun. Sá bíll sem næstur kom þurfti að fara þrisvar sinnum í viðgerð, utan hefðbundins eftirlits og smurningar.

77 ára bíð

Vélin sem er í Opel Astra bílnum, 2,0 lítra dísilvél, verðskuldar líka hrós en það þurfti eingöngu að smyrja hana á ráðlögðum fresti. Að öðru leyti þurfti ekki að opna húddið á bílnum. Opel hefur ekki hlotið sambærileg verðlaun frá árinu 1936, en þá reyndist Opel-bíll einmitt sá sem bilaði minnst. Alveg frá því ári og fram á níunda áratug síðustu aldar notaði Opel frasann „Opel, sá áreiðanlegasti!“. Nú hefur það verið staðfest, þótt langt sé um liðið og Opel óhætt að taka frasann aftur upp án þess að fara með neinar fleipur. Opel hefur sett sér það markmið að verða leiðandi bifreiðasmíður heimsins í gæðum og hefur ætlað sér nú ár til verksins, en því skal náð árið 2022.

Helmingi færri ábyrgðarviðgerðir

Opel virðist svo sannarlega vera á réttri leið því að ábyrgðarviðgerðum á bílum þeirra hefur fækkað um 50% frá árinu 2000. Blaðamenn Auto Motor und Sport voru ekki bara hrifnir af bilanaleysinu í Opel Astra bílnum heldur var lýsing þeirra á bílnum og tilfinning fyrir gæðum hans og aksturshæfni í hæstu hæðum. Fjöðrun hans, sæti, farþegarými, flutningsrými, veggrip, vélarafli og lítill eyðsla fengu þá umfjöllun að ekki væri hægt að gera betur og að Astran sýndi á sér sínar bestu hliðar í löngum akstri og færri einstaklega vel með ökumann, sem og alla farþega.

Sækjum & seljum bíla

Við **PIKKUM** bílinn upp :)

og **SELJUM** hann strax



Áttu bíl sem er bilaður/ógangfær eða ekki í fullkomnu standi? Þarftu að taka til á planinu hjá þér?

Hringdu í 522-4610 og láttu okkur sækja og selja bílinn fyrir þig.
bilauppbod.is



KRÓKUR - Bílauppboð og flutningar -

Suðurlhæni 3 | 210 Garðabæ | Sími 522 4600 | kroker@kroker.net

BÍLAR & FARARTÆKI



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakahf.is>



Eigum gúmmibáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
<http://www.suzuki.is>



KIA Sportage ex 4wd. Ágerð 2012, ekinn 30 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.160397.



OPEL Zafira tourer dísel. Ágerð 2012, ekinn 2 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.990400.



TOYOTA Land cruiser 100 vx. Ágerð 2006, ekinn 122 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.990382. Staðgreiðsluverð kr: 4.390.000,-



BMW 3 325i s/d e90. Ágerð 2008, ekinn 37 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.140545.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



VILTU KAUPA EÐA SELJA!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



seldu strax.....seldur.is



LEGACY TILBOÐ 245ÞÚS!

Subaru Legacy árg.'99 ek. 240þús sjálfssk. sk. 14 Góður bíll á 245þús S. 891 9847.



Til sölu HONDA CRV árg 2005 ekinn 98þús km. Silfurgrár og mjög fallegur bíll að öllu leyti. S:698 2312 Aðalsteinn

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Uppl. í S. 691 9374.

Fornbílar



PÝSKUR EÐALVAGN

Til sölu er Mercedes Benz, ágerð 1952, í mjög góðu ásigkomulagi. Bifreiðin hefur verið í eigu sömu aðila í tæp 60 ár. Frekari upplýsingar í síma 869 1980 - Ásett verð kr. 5.300.000.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar



Scania 1996 mdl. 8*4 til sölu, góður bíll. Uppl. gefur Gísli í S. 892 0043.

Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL VERÐ FRÁ 149.800

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Kerrur



ÍSLENSK SMÍÐ.

Kerrur br.1,25m. L. 2,00-3,0m. B.geta 750kg., 13" dekk. Verð frá kr.196.000 www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s. 894-5111 Opíð kl.13-16.30.

Hjólhýsi

